

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



MATSEÐILLINN FYLGIR
BLAÐINU Í DAG

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

22. ágúst 2011
194. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reenniháttinum Cancer Cent Gallup apríl - júní 2011



Klettaskóli settur í dag
Nýr sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun verður settur í Perlunni í dag.
tímamót 18

Viggo í Drekanum
Danska stjarnan var óvæntur afmælisgestur.
fólk 34



Bikardrottningin í Val
Embla Grétarsdóttir varð bikarmeistari fimmta árið í röð um helgina.
Sport 30

veðrið í dag

VÆTA sunnan- og vestanlands en þurrkt að mestu norðaustan til fram eftir degi. Fremur hægur vindur og hiti á bilinu 7 til 14 stig.
VEÐUR 4

Segja virkjanir útrýma laxi

Stofnar laxfiska í Þjórsá eru sagðir í útrýmingarhættu verði af virkjanaframkvæmdum. Rammaáætlun gefur grænt ljós á þrjár virkjanir. Landsvirkjun telur að mótvægisáðgerðir muni viðhalda stofnum.

ORKUMÁL Fullyrt er að lax- og sjóbirtingsstofnar Þjórsár muni hrynja verði fyrirætlanir Landsvirkjunar um virkjanir í ánni að veruleika. Landsvirkjun hyggur á umfangsmiklar mótvægisáðgerðir til verndar stofnunum með fiskvegum og seiðaveitum. Gagnrýndur segja ekkert benda til þess að slíkar áðgerðir muni bera tilætlaðan árangur.

Þingsályktunartillaga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var kynnt á föstudag og falla 22 kostir í orkunýtingarflokk. Þar ber hæst að fallist er á þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Virkjanirnar hafa lengi verið umdeildar vegna áhrifa á umhverfi og lífríki.

Orri Vigfússon, formaður NASF,

„Mitt mat er einfaldlega að verði þessi áform að veruleika séu laxa- og sjóbirtingsstofnarnir líklegir til að deyja út.“

ORRI VIGFÚSSON
FORMAÐUR NASF

verndarsjóds villtra laxastofna, segir mikið áhyggjuefni að grænt ljós hafi verið gefið á virkjanirnar þrjár. „Aldrei í Íslandssögunni hefur verið ráðist inn á viðkvæm göngusvæði villtra laxa með þessum hætti. Það má gera ráð fyrir að allar hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir lax séu ofan Urriðafoss. Mitt mat er einfaldlega að verði þessi áform að veruleika séu

laxa- og sjóbirtingsstofnarnir líklegir til að deyja út.“

Í skýrslu Veiðimálastofnunar frá 2002 um lífríki Þjórsár segir í stuttu máli að virkjanirnar muni hafa umtalsverð áhrif á lífríki. Mótvægisáðgerðir geti hins vegar breytt þeirri mynd. Hvort fiskvegir og seiðaveitur duga til er hins vegar óljóst og skýrist ekki fyrir en virkjanirnar hafa verið reistar.

Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofni á Íslandi og meðal þeirra stærstu í Atlantshafi.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, vísar til mats á umhverfisáhrifum frá 2003 og þeirra mótvægisáðgerða sem fyrirhugaðar eru, spurður um þá skoðun að lax og sjóbirtingur muni ekki þola virkjun árinna.

„Það er búið að gera ráðstafanir

við hönnun virkjananna til að tryggja uppgöngu fisks og að koma seiðunum til sjávar. Þetta byggir að hluta á reynslu annars staðar frá þó í eðli sínu sé erfitt að vita þetta fyrir en eftir á.“ Hann segir að hönnun virkjana í Þjórsá hafi breyst mikið á undanförunum árum og taki tillit til umhverfismatsins.

Ragnhildur Sigurðardóttir, vistfræðingur hjá Umhverfisskólunum ehf., segir í skýrslu um umhverfisáhrif Urriðafossvirkjunar frá 2007 að erlendar rannsóknir bendi ekki til að seiðaveita sé líkleg til að „bjarga laxastofninum frá hruni“ í á sem beri fram um eina milljón tonn af framburði á ári og sé „vatnsmikil og stríð“. Ragnhildur bendir líka á að fiskvegir fyrir niðurgöngufisk séu stutt á veg komnir.

- shá



FÓRNARLAMBANNA MINNST Minningarathöfn um fórnarlömb hryðjuverkanna í Noregi fór fram í Viðey í gærkvöldi. Meðal annars var kveikt á friðarsúlunni til minningar um þá 77 sem létust og fjöldi rósa var lagður við súluna. Gærdagurinn var opinber sorgardagur í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sjö ára Skagastrákur: Stelur senunni í rokkmyndbandi

FÓLK Skagapilturinn Helgi Rúnar Bjarnason, sem er aðeins sjö ára, þykir hafa stolið senunni í myndbandi indírokk-sveitarinnar Bon Iver sem frumsýnt var á vefsíðu National Geographic á fimmtudag. Þar sést Helgi röltu um valdar náttúruperlur Íslands undir laginu Holocene.



HELGI RÚNAR BJARNASON

Myndbandið hefur vakið mikla athygli á helstu tónlistarsíðum heims, meðal annars á heimasíðu Billboard-listans, Entertainment Weekly og Spin Magazine. Í gær höfðu 117 þúsund manns horft á myndbandið. „Þetta var bara mjög gaman og ekkert svo erfitt,“ segir Helgi Rúnar.

- fgg / sjá síðu 34

Uppreisnarmenn sóttu hratt fram í Líbíu í gærkvöldi og var fagnað víða:

Trípólí á valdi uppreisnarmanna

LÍBÍA Uppreisnarmenn í Líbíu segjast hafa handtekið þrjá syni Múammars Gaddafí Líbíuleiðtoga. Uppreisnarmennirnir höfðu náð stórum hluta af höfuðborginni Trípólí á sitt vald þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Íbúar í Trípólí fögnuðu uppreisnarmönnum eins og þjóðhetjum víða um borgina. Þeir mættu lítilli mótsþyrnu þótt Gaddafí hefði í sjónvarpsávarpi sagt

að herlið hans myndi hafa sigur. Seint í gærkvöldi biðlaði hann til þjóðarinnar að „bjarga Trípólí“ frá uppreisnarmönnum. Hann sagði það skyldu allra Líbíumanna. Talsmaður stjórnarinnar sagði að 1.300 manns hefðu látist og fimm þúsund særst í höfuðborginni.

Uppreisnarmenn sögðust í gærkvöldi myndu stöðva árásir sínar ef Gaddafí færi frá völdum og lofuðu að honum yrði hleypt úr landi.

NATÓ sendi í gærkvöldi frá sér yfirlýsingu þar sem sagt var að best væri Gaddafí gerði sér grein fyrir því sem fyrst að hann gæti ekki unnið baráttuna gegn sinni eigin þjóð, svo að ekki kæmi til meiri blóðsúthellinga og þjáningar. „Líbíska þjóðin hefur þjáðst gríðarlega undir stjórn Gaddafís í meira en fjóra áratugi. Nú eygir hún von um nýtt upphaf.“

- þeb / sjá síðu 6

Hefur þú skolað í dag?

Sterkar tennur og fallett bros. Flux flúormunnskol fyrir alla fjölskylduna. Fæst í næsta apóteki.

actavis
hagur í heilu

★★★★★ Páll Baldvin Baldvinsson
FRÉTTATÍMINN

Nýr smelliur frá höfundum metsölu-
bókarinnar **Barnið í ferðatöskunni**

HÆGUR DAUBI

Mjólkinn gerir gott betra og ómissandi með súkkulaðiköku.

MUU
betri hugmynd!



Gunnar, er þetta nokkuð kattarpvottur af þinni hálfu?

„Nei, það þýðir ekkert að fara í kringum svona vandamál eins og köttur í kringum heitan graut.“

Gunnar Theodór Eggertsson rithöfundur lenti í rifrildi á Facebook um hvort ketti skuli hafa í bandi utandyra. Í kjölfarið gaf hann út bókina „Köttum til varnar“ og ánafnaði Kattavinafélaginu ágóðann af söluinni.

Umdeildar breytingar:

Héraðsstjórnir verða lagðar af

DANMÖRK Héraðsstjórnirnar fimm í Danmörku, sem hafa meðal annars haft umsjón með sjúkrahúsum hvert í sínu umdæmi, verða lagðar niður frá ársbyrjun 2013. Lögjóf þess efnis var samþykkt á danska Þjóðarþinginu nýverið, með minnsta mögulega mun.

Helsti tilgangurinn á bak við þessar breytingar er að koma sjúkrastofnunum undir landsstjórnina til að tryggja vandaða og samhæfða stjórnsýslu og spara þar með fé sem væri betur borgið í þjónustu við sjúklinga. - þj

Byggja nýja verksmiðju:

Anna ekki eftirspurn eftir lýsi

ÍDNADUR Eftirspurn eftir þorskalýsi um allan heim hefur aukist svo mikið að Lýsi hf. vantar nú meiri lifur til að anna eftirspurn. Þetta þakka Lýsismenn markvissu markaðsstarfi síðustu ára sem hefur skilað sterkri stöðu fyrirtækisins á erlendum mörkuðum.

Aukin eftirspurn veldur því að nýleg verksmiðja fyrirtækisins sem byggð var árið 2005 er nú að mestu fullnýtt. Því verður mætt með byggingu nýrrar verksmiðju á Fiskislað sem verður tæpir 4.000 fermetrar að stærð og í henni búnaður sem tvöfaldr núverandi afkastagetu. - sjá

SÝRLAND

Varar við afskiptum

Bashar Assad Sýrlandsforseti kom fram opinberlega í gær. Hann varaði önnur ríki við afskiptum af ástandinu í landinu og sagði að stjórn hans væri ekki í neinni hættu. Mannréttindahópar segja að herlið Assads skjóti reglulega á óvopnaða mótmælendur og að nú séu um tvö þúsund manns látnir.

Piper Cub-flugvél sneri aftur til Vestmannaeyja 65 árum eftir fyrsta flugið til Eyja: Flugmennirnir fengu kaffi og vöfflur

FÓLK Vestmannaeyingar minntust fyrsta flugsins til Vestmannaeyja, sem átti sér stað hinn 14. ágúst árið 1946. Halldór Bech og Hjalti Tómasson fóru það flug á vél af gerðinni Piper Cub.

Upphaflega stóð til að fljúga sömu vél til Vestmannaeyja 14. ágúst en hætta varð við þau áform vegna veðurs. Þess í stað var flogið síðastliðinn á laugardag, og flugu 20 vélar með Piper Cub vélinni frá Bakkaflugvelli. Flugmenn fengu sér kaffi og vöfflur í tilefni dagsins og héldu svo aftur til síns heima. - sm



FLUGFÉLAGAR Ottó Tynes (til hægri) og Ingvar Valdimarsson flugu til Vestmannaeyja á Piper Cub-vélinni TF-KAK á laugardag í tilefni þess að sextíu og fimm ár voru liðin frá fyrsta fluginu til Eyja, sem farið var á sömu vél. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Tveir karlmenn ákærðir:

Með amfetamín og kannabisiefni

DÓMSMÁL Rúmlega fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að hafa í október 2010 haft í vörslum sínum rúmlega sjö grömm af amfetamíni, kannabislauf og 59 kannabisplöntur. Manninum er einnig gefið að sök að hafa ræktað plönturnar.

Þá hefur karlmaður á þrítugsaldri verið ákærður fyrir að hafa haft í vörslu sinni tæp 180 grömm af maríjúana, fjórutíu grömm af kannabislaufum og smáræði af tóbaksblönduðu kannabisiefni. - jss



BARÁTTA FRAM UNÐAN Vinir og nágrannar Kristjáns frá Tjörn standa fyrir söfnun til styrktar Kristjáni. Hann sést hér með eigin konu sinni, börnum þeirra Ósp og Erni og loks Soffiu Björgu Óðinsdóttur á Fiskideginum mikla á Dalvík fyrir skemmstu. MYND/ATLI RÚNAR HALLDÓRSSON

Vinir styrkja Kristján á erfiðum tímum

Tónlistarmaðurinn Kristján Eldjárn Hjartarson úr Svarfaðardal er á batavegi eftir bílslys. Verður þó frá vinnu enn um hríð. Vinir og nágrannar Kristjáns hafa staðið fyrir söfnun til styrktar honum sem lýkur á næstu dögum.

FÓLK Söfnun til stuðnings tónlistarmanninum Kristjáni Eldjárn Hjartarsyni á Tjörn í Svarfaðardal lýkur á næstu dögum. Hann er nú á batavegi eftir alvarlegt bílslys.

Kristján hryggbrotnaði í slysinu sem varð á Árskógsströnd í júní síðastliðnum en slapp þó við mænuskaða. Nú er aðalverkefni hans að ná heilsu og þreki með endurhæfingu en það tekur tíma og hann er frá vinnu á meðan, eins og gefur að skilja.

Kristján er fjallaleiðsögumaður og hugðist fara á fjöll með hópa göngufólks í sumar. Hann er samt trúlega þekktari fyrir tónlistarsköpun. Þau Tjarnarhjó, Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján, voru helmingur Tjarnarkvartettsins á sínum tíma og hafa síðan komið fram saman við ýmis tækifæri hérlendis og erlendis og gefið út diska með tónlist sinni.

„Sjálfgæfið er að reyna að aðstoða Kristján og fjölskylduna



ATLI RÚNAR HALLDÓRSSON

id, en hann hóf söfnunina ásamt systkinum sínum frá Jarðbrú í Svarfaðardal.

„Kristjana og Kristján hafa glatt okkur og aðra landsmenn um árabíl og nú fáum við tækifæri til að sýna þeim þakklætisvott í verki. Svarfælingum hefur alltaf þótt sjálfsagt að deila bæði gleði og mótlæti og veita grönnum sínum hjálp óumbeðin en nú leitum við líka út fyrir héraðið, enda Tjarnarhjónin landsþekkt fólk. Við höfum

kynt söfnunina að mestu leyti á Facebook og í gegnum tölvupóst og erum afar þakklát fyrir viðbrögðin.“

Atli segir að Kristján sé fæddur fjallamaður og fari á hverja þá tinda sem hann ætli sér.

„Sjálfsagt lítur hann á það sem hverja aðra áskorun í fjallaklifri að ná fullri heilsu. Honum mun takast það þrátt fyrir að hann geti sem stendur bara legið eða staðið upp réttur með gjarðir um sig miðjan. Ég hitti hann nú síðast á Fiskideginum mikla á Dalvík, standandi úti í horni í menningarhúsinu Bergi að hlusta á eiginkonuna Kristjönu syngja tangó og það var mikill hugur í karli!“

Söfnunin er undir heitinu „Kveðja til Kristjáns“. Þeir sem vilja leggja henni lið geta lagt inn á söfnunarreikning í Sparisjóði Svarfdæla, 1177-26-2900, kennitala 270161-3759.

thorgils@frettabladid.is

Fjölmenni á Menningarnótt:

Flaggaði flík við sendiráð

LÖGREGLUMÁL Hátt í hundrað þúsund manns voru í miðborginni á laugardag, Menningarnótt, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Nokkrar líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglu en engin þeirra var talin alvarleg. Þá gistu nokkrir fangageymslur.

Karl um þrítugt var handtekinn við danska sendiráðið á Hverfisgötu. Hann hafði flaggað flík á fánastöng sendiráðsins en var sleppt eftir stutta dvöl á lögreglustöð.

Umferð gekk að mestu áfallalaust. Nokkur umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglu og má rekja tvö þeirra til ölvunaraksturs. - kg



RÚSTIR Hamas-liði skoðar húsarústir í Palestínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vopnahlé á Gaza-svæðinu:

Hætta árásum eftir hörð átök

GAZA Hamas-samtökin og ísraelsk stjórnvöld hafa samþykkt vopnahlé eftir þriggja daga stöðuga bardaga. Upphaf átakanna má rekja til þess er þrjár bifreiðar ísraelska hersins urðu skotmörk Hamas-samtakanna. Ísraelar svöruðu með loftárásum og á móti skutu Hamas-samtökin eldflaugum.

Átökin komu samskiptum Egyptalands og Ísraels í uppnám eftir að þrjár egyptskir lögreglumenn létu lífið í einni loftárásinni. Að sögn Hamas-liða munu þeir sjá til þess að vopnahlénu, sem tók gildi í gær, verði framfylgt. - sm

Mikil bílaumferð í kringum skóla skapar hættu fyrir nemendur:

Foreldrar hugi að öruggri leið

UMFERÐ „Nú þegar skólarnir eru að byrja þurfa foreldrar að hafa í huga að mikil umferð í kringum skólana skapar ekki bara hættu fyrir þau börn sem koma gangandi í skólann, heldur einnig fyrir börnin sem fara út úr bílunum. Þau þurfa kannski að ganga yfir bílastæði,“ segir Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.

Við suma skóla hefur verið útbúin sérstök aðkeyrsla, nánast hringtorg, og segir Þóra mikilvægt að sleppa börnunum út þar. „Þar stöðva bílarnir hver á eftir öðrum og börnin fara út á sama stað.“

Hún segir Umferðarstofu leggja ríka áherslu á að fundin sé örugg gönguleið fyrir börnin sem séu að hefja skólagöngu í fyrsta sinn. „Öruggasta leiðin

er ekki endilega sú stysta. Það er nauðsynlegt að æfa sig í þessu nokkrum sinnum ef börnin eiga að ganga í skólann. Aðalatriðið er að kenna börnunum einfaldar og fáar reglur.“

Þóra segir ekki nóg að vera bara með endurskinsmerki á skólatösku eða fatnaði þega skyggja tekur. „Endurskinsmerkin þurfa að hanga til beggja hliða, á handleggjum eða stígvélum. Þau þurfa að vera á hreyfingu.“

Þóra Magnea bendir einnig á að börn yngri en sjö ára megi ekki hjóla í umferðinni. - ibs

Á LEIÐ Í SKÓLANN „Brýna þarf fyrir börnunum að nota gangbrautir og handstýrð umferðarljós,“ segir fræðslufulltrúi Umferðarstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



SKÓLA OSTUR

Skólaostur i sneiðum og 1 kg stykkjum á tilboði

TILBOÐ

ms.is

Flottir skólafélagar!



0 kr. Nova í Nova!
1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

1.790 kr. /12 mán.

Nokia C2-01

Stgr.: 19.990 kr.



2.890 kr. /12 mán.

Nokia X3-02

1.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 32.990 kr.



1.000 kr. símtölkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

3.490 kr. /12 mán.

HTC Wildfire

1.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 39.990 kr.



1.000 kr. símtölkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

3.490 kr. /12 mán.

LG Optimus One

1.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 39.990 kr.



1.000 kr. símtölkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

2.590 kr. /12 mán.

LG Optimus Me

1.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!
Stgr.: 27.990 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova: Símtölkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er óþýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort. 0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 490 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA



Til hamingju Valur!

Íslandsbanki óskar Valsstúlkum til hamingju með bikarmeistaratitilinn í knattspyrnu 2011.



Valur er Íslands- og deildarmeistari kvenna og bikarmeistari karla í handknattleik og Lengjubikarmeistari karla í knattspyrnu auk nýja titilsins. Karla- og kvennalið Vals komust upp í efstu deild í körfuknattleik í vor og Valur er nú eina félag landsins með alla meistaraflokka félagsins í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu í efstu deild.

Íslandsbanki er stoltur stuðningsaðili Vals.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki

KJÖRKASSINN



Eiga kröfur leikskólakennara rétt á sér?

Já	83,7%
Nei	16,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Landspítalinn að verða undanþeginn niðurskurði á næstu fjárlögum?

Segðu skoðun þína á visiris



HEIM Nemendur í Irene-Wakonda skólanum mæta ekki lengur í skólann á föstudögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skera niður í Bandaríkjunum:

Stytta skólavikuna um dag

BANDARÍKIN Irene-Wakonda grunnskólinn í Suður-Dakota er einn af mörgum skólum í Bandaríkjunum sem hafa stytta skólavikuna um einn dag. Þetta er liður í aðgerðum skólafyrivalda til að mæta niðurskurði.

Í haust er talið að um fjórðungur allra grunnskóla í Suður-Dakota munu aðeins starfa fjóra daga í viku. Yfirvöld telja þessa leið vænlegasta í niðurskurðinum en foreldrar skólanna óttast að þetta muni bitna á börnunum.

„Auðvitað mun þetta bitna á börnunum. Þau missa heilan skólalag,“ var haft eftir einu foreldri.

- sm

Nýtt vopn gegn krabbameini:

E-töflur gætu læknað krabba

VÍSINDI Hinar hættulegu E-töflur geta nýst í baráttunni gegn sumum tegundum krabbameins í blóði, ef vísindamönnum tekst að gera þær öflugri.

Árið 2006 var sýnt fram á að E-töflur og sum þunglyndislyf gætu drepið krabbameinsfrumur en gallinn var sá að nota þurfti þær í svo stórum skömmtum að meðferðin yrði jafnframt banvæn.

Vísindamenn við háskóla í Englandi og Ástralíu sjá nú fram á að geta gert töflurnar öflugri, svo ekki þurfi að nota jafn stóra skammta.

- gb

Jens Stoltenberg var meðal ræðumanna á minningarathöfn um fórnarlömb:

Sigrðu hatrið í sameiningu

NOREGUR „Við höfum misst 77 manneskjur sem vildu eyða lífi sínu í að bæta samfélagið sem við erum öll hluti af.“ Þetta sagði Haraldur Noregskonungur í gær á minningarathöfn um fórnarlömb hryðjuverkanna í Noregi fyrir mánuði.

Tæplega sjö þúsund manns voru viðstaddir minningarathöfnina, þar á meðal þjóðhöfðingjar og forsætisráðherrar Norðurlandarríkjanna. Dagurinn var opinber sorgardagur í landinu.

Konungurinn komst við í ræðu sinni á athöfninni. Hann sagðist meðal annars vilja þakka öllum



ATHÖFNIN Jens Stoltenberg hélt ræðu ásamt nokkrum öðrum. Þá voru nöfn hinna látnu lesin upp og fjölmörg tónlistaratriði hljómuðu.

NORDICPHOTOS/AFP

sem komið hefðu nálægt hjálparstarfi í kjölfar árásanna, og þakkaði forsætisráðherranum Jens

Stoltenberg sérstaklega fyrir. „Ég held fast í trúna á að frelsi sé sterkara en ótti. Ég held fast í trúna á opið norskt lýðræði og samfélag.“

„Saman sigrðu við hatrið,“ sagði forsætisráðherrann í ræðu sinni. Hann hvatti Norðmenn til að líta til hver með öðrum og vera á varðbergi gagnvart fordómum. Að ræðunni lokinni stóðu viðstaddir upp fyrir honum. Á staðnum voru þeir sem lifðu árássinnar af, aðstandendur fórnarlambanna, fólk sem vann að björgunarstörfum og embættis- og stjórnmálamenn.

- þeb

Dómsmálaráðherra Dana:

Ekki alvarlegt að hjóla fullur

DANMÖRK Lars Barfoed, dómsmálaráðherra Danmerkur, segir ekki tilefni til sérstaks átaks gegn ölvun við hjólreiðar, þar sem ekki sé um að ræða „sannkallað umferðaröryggisvandamál“.

Nýleg könnun sýnir að 40 prósent Dana hafa hjólað undir áhrifum áfengis síðasta árið.

Barfoed sagði að í þeim tilfellum sem hjólreiðafólk væri gripíð ölvað væri því yfirleitt ráðlagt að teyma hjólið í stað þess að sektum væri beitt.

- þj

Uppreisnarmönnum fagnað við komuna til Trípólí

Uppreisnarmenn höfðu náð hlutum Trípólí, höfuðborgar Líbíu, á sitt vald í gærkvöldi. Stjórnvöld segja að 1.300 hafi látist í átökum í borginni frá því á laugardagskvöld. Synir Gaddafís sagðir handteknir.

LÍBÍA Uppreisnarmenn komu inn í miðborg Trípólí, höfuðborgar Líbíu, í gærkvöldi. Þeir mættu ekki mikilli mótstöðu en þó voru blóðugir bardagar sagðir fara fram á götum borgarinnar þegar Fréttablaðið fór í prentun. Uppreisnarmönnum var fagnað mikið þegar þeir náguðust miðborgina.

Óstaðfestar frétnir hermdu í gærkvöldi að synir Gaddafís hefðu verið teknir höndum. Uppreisnarmenn hafa undanfarið nálgast borgina bæði úr vestri og austri, með hjálp frá NATO, sem segist aðeins gegna því hlutverki að vernda óbreytta borgara. Óstaðfestar frétnir herma að hópur uppreisnarmanna hafi komist inn í Trípólí af sjó á laugardag og lent í átökum við stuðningsmenn Gaddafís. Í gærkvöldi sögðu stjórnvöld að 1.300 manns hafi minnsta hefðu látist frá því á laugardagskvöld og meira en fimm þúsund hefðu særst. Fréttir bárust af skotbardögum austan, sunnan og vestan við miðborgina auk sprenginga. Skotbardagar áttu sér meðal annars stað við hótél þar sem erlendir fréttamenn dveljast. Starfsfólk hótelsins er sagt hafa lagt á flóttu og eru um tuttugu fréttamenn þar einir.

Ástandið breyttist á nokkrum klukkustundum í gærkvöldi, en fyrr um daginn höfðu uppreisnarmenn þurft að hörfa til baka undan árásum herliðs Gaddafís. Þeir höfðu náð hverjum bænum á fætur öðrum á sitt vald fram að því.

Talsmaður Líbíustjórnar óskaði í gær eftir tafarlausu vopnahléi. Hann sagði fólk tekið af lífi í mörgum borgum af uppreisnarmönnum og NATO. Múammar Gaddafí hélt síðan sjónvarpsávarp



UPPREISNARMENN Sprengingar og skothríðir heyrðust víða um Trípólí í gærkvöldi. Þessir uppreisnarmenn voru á leið til Gadayem, vestan við borgina, í gærdag.

NORDICPHOTOS/AFP

í ríkissjónvarpi Líbíu nokkru síðar og kvaðst þá ekki ætla að yfirgefa borgina. Hann hvatti fjölskyldur í Trípólí til að grípa til vopna. „Nú er tímabært að berjast fyrir stjórnmálaskoðanir ykkar, fyrir olíuna ykkar og fyrir landið ykkar,“ sagði hann. Stuðningsmenn hans segja að í borginni séu tugir þúsunda tilbúnir að verja einræðisherrann.

Komið er að lokum einræðis-

Því fyrr sem Gaddafí gerir sér grein fyrir því að hann getur ekki sigrað, þeim mun betra verður þetta fyrir alla.

OANA LUNGESCU
TALSKONA NATO

stjórnarinnar, sagði Oana Lungescu, talskona NATO, í gær. Hún sagði þrjá háttsetta embættismenn hafa snúið baki við Gaddafí á síðustu dögum og það svæði sem hann stjórnaði minnkaði sífellt. „Því fyrr sem Gaddafí gerir sér grein fyrir því að hann getur ekki sigrað, þeim mun betra verður þetta fyrir alla.“

thorunn@frettabladid.is

Formaður Hagsmunasamtaka heimilanna vísar gagnrýni prófessors á bug:

Ekki í aðstöðu til að gagnrýna

EFNAHAGSMÁL „Það er grafalvarlegt mál þegar hagfræðiprófessor sem ætlar sér að gagnrýna útreikninga biður ekki um útreikninga og skýringar frá samtökunum sjálfum,“ segir Andrea Ólafsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna.

Þórólfur Matthíasson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, gerði í laugardagsblaði Fréttablaðsins athugasemdir við útreikninga samtakanna á verðtryggingu lána.

Hagsmunasamtökin bíða nú niðurstöðu umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar samtakanna. Þau vilja meina að reglur Seðlabanka Íslands um að leggja skuli verðtryggingu ofan á höfuðstól lána standist ekki lög.

Andrea segir Þórólf ekki vera í aðstöðu til að gagnrýna tölurnar, þar sem hann styðjist ekki við tölur sem samtökin hafi lagt fram.



ANDREA ÓLAFSDÓTTIR

Þórólfur hafi skoðað útreikninga sem lögfræðingurinn, sem skrifaði greinargerðina sem um er rætt, hafi verið að leika sér með í vinnuskjali.

„Við teljum því að Þórólfur sé ekki að bera saman raunveruleg lán, sem við höfum verið að bera saman, og mismuninn á heildarkostnaði lána,“ segir Andrea.

Hún bætir við að samtökin telji vilja lögjafans með upphaflegu lögjöfinni teikna upp mynd af útreikningum sem séu eins og þeir sem í dag eru notaðir til að reikna óverðtryggð lán.

„Óverðtryggð lán er í raun rangnefni því með þeim er verðbólgan

Við teljum því að Þórólfur sé ekki að bera saman raunveruleg lán, sem við höfum verið að bera saman, og mismuninn á heildarkostnaði lána.

ANDREA ÓLAFSDÓTTIR
FORMAÐUR HAGSMUNASAMTAKA
HEIMILANNA

tekin inn í vextina og staðgreidd. Þetta eru í raun verðtryggð lán þannig að upphaflegt lán er verðbætt í þeirri mynd sem löggjafinn ætlar með verðtryggingu, með breytilegum vöxtum sem eru staðgreiddir. Framkvæmdin eins og hún er í dag á verðtryggðum lánum er óheimil að okkar mati, og um það snýst kærán til Umboðsmanns Alþingis,“ segir Andrea.

- kg

KRYDDSMJÖR

tvær nýjar bragðtegundir!

NÝ
BRAGÐTEGUND
- SÍTRÓNA OG
KARRÍ

NÝ
BRAGÐTEGUND
- BÉARNAISE

Treyja
st. 80-120
vnr. 825383
2.999,-



Bolur
st. 90-130
vnr. 846336
2.999,-



Bolur
st. 80-130
vnr. 836248
1.299,-

ódyrt



Bolur
st. 90-130
vnr. 836838
1.299,-

ódyrt



FRÁBÆRT VERÐ Á BOLUM

Peysa
st. 7/8-13/14
vnr. 848334
3.999,-



Bolur
st. 130-170
vnr. 848416
1.999,-

ódyrt



Bolur
st. 7/8-13
vnr. 843688
1.299,-

ódyrt



Bolur
st. 130-170
vnr. 849933
1.699,-

ódyrt



Mikið úrval af skólavörum á betra verði



OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 25. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



- 1 Hvaða lið mættust í bikarkeppni kvenna í knattspyrnu um helgina?
- 2 Hver sigraði í fatahönnunarkeppninni Reykjavík Runway á fimmtudag?
- 3 Hvað létust margir í ofsaroki í Belgíu fyrir helgi?

SVÖR:

1. Valur og KR. 2. Harpa Einarsson. 3. Fimm.

Fórnlamb krefur þrjá menn um nær eina milljón króna í skaðabætur: Þrír réðust á einn og stórslösuðu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært þrjá karlmenn fyrir sérstaklega grófa líkamsárás sem átti sér stað við veitingastaðinn Boston á Laugavegi í október 2010.

Mennirnir þrír, sem allir eru á þrítugsaldri, eru sakaðir um að hafa slegið fórnarlambið með glasi í andlitið, slegið manninn ítrekað í höfuð og líkama og sparkað nokkrum sinnum í hann þar sem hann lá á götunni eftir að hann hafði fallið á flóttu undan ákærðu.

Við árás mannanna hlaut

fórnlambið djúpan skurð fyrir ofan hægri augabrún, djúpan skurð á nefi sem náði að augabrún, litla skurði á enni hægra megin, sem saumaðir voru með alls 25 sporum, svo og eymsli víða í líkama.

Ríkissaksóknari krefst þess að þremmingarnir verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá gerir maðurinn sem ráðist var kröfu um að árárs-mennirnir greiði honum nær eina milljón króna í skaðabætur.

- jss



FYRIR DÓM Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Grænlandsjökull minnkar: Bráðnun aldrei verið meiri

VÍSINDI Grænlandsjökull hefur bráðnað hraðar í ár en vísindamenn höfðu reiknað með. Talið er að bráðnunin árið 2011 verði meiri en áður hefur þekkt.

Þetta sýna mælingar á Mittivakat-jökli, sem fylgst hefur verið með lengur en nokkrum öðrum jökli á Grænlandi. Sambærilegar mælingar hafa fengist frá öðrum jökulum landsins.

Alls hefur Mittivakat-jökull hörfað 1,3 kílómetra frá því fyrsta ljósmyndin af honum var tekin árið 1931.

- gb



Á LEIÐ Í VERSLUN Góður árangur hefur náðst í baráttunni við vágset.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kamfýlóbakter í lágmarki:

Smit í kjúklingi lítið í júlí

LANDBÚNAÐUR Matvælastofnun greinir frá því að í júlí var tíðni kamfýlóbakterismitis í kjúklingum í sögulegu lágmarki. Reynslan sýnir að á sumrin er smithættan mest en með auknum smitvörnum á alifuglabúum, til dæmis flugneti á loftinn tökum fuglahúsa, tókst alifuglaframleiðendum að halda smithættu í lágmarki.

Eftir nokkuð háan topp í maí á þessu ári datt tíðni smits snögg niður aftur. Í júlí var tíðni kamfýlóbakteris í heilum kjúklingum á markaði einungis þrjú prósent og hefur hún ekki verið lægri síðan skráningar á slíkri tíðni hófust árið 2007.

- shá

Þrír karlmenn fyrir dóm:

Ákærðir fyrir kannabisrækt

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært þrjá karlmenn á milli tvitugs og þrítugs fyrir fíkniefnalagabrot.

Mönnum er gefið að sök að hafa í desember á síðasta ári haft í vörslum sínum tíu kannabisplöntur, 113 grömm af kannabislaufum, rúm 700 grömm af kannabisstónglum og rúm 350 grömm af marjúana. Mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa ræktað plönturnar og ætlað fíkniefnin til dreifingar og sölu.

- jss

Fénu verði ekki ráðstafað fyrir sunnan

Sérfræðingur danska efnahagsráðuneytisins leggur til að á Íslandi verði sett á fót ráð á hverju svæði til að ákveða hvernig eigi að eyða peningum úr byggða- og atvinnusjóðum ESB. Heimafólk sé hæfara til þess en stjórnsýslan fyrir sunnan.

EVROPUMÁL Danir hafa í rúman áratug unnið skipulega að því að bæta nýtingu styrkja Evrópusambandsins, sem merktir eru atvinnumálum eða ætlaðir hinum dreifðari byggðum.

Þeir hafa fækkað milliliðum og lágmarkað það fé sem fer í stjórnsýsluna sjálfa. Ákvarðanir um fjárveitingar eru teknar úti á landi en ekki í höfuðborginni. Gangi Ísland í ESB mætti gera svipaða hluti þar, að mati Susanne Kirkegaard, sem er sérfræðingur danska efnahagsráðuneytisins í atvinnu- og byggðastefnu ESB.

„Við höfum leitað leiða til að laga þessar fjárveitingar að þörfum landsins sjálfs,“ segir Susanne, sem heimsótti íslensk stjórnvöld á dögunum og lagði til ráð í aðildarviðræðunum. Hún segir að stundum miðist styrktarsjóðir ESB helst við aðstæður stórra ríkja. Ísland sé hins vegar ekki stórt ríki.

„Þá þarf að spyrja hvort þetta borgi sig. Hvort peningarnir fari ekki bara allir í breytingar í stjórnsýslu frekar en verkefni,“ segir Kirkegaard. Hún hefur því skoðað hvernig megi stýra þessum fjárveitingum landinu til hagsbóta og innan ramma ESB.

„Atvinnu- og byggðastefnan er ekki eins og ein flík sem á að passa öllum. Fjárfesting sem gengur vel í Rúmeníu gengur ekki endilega vel á Jótlandi,“ segir hún.

„Þess vegna höfum við sett ákvarðanatökuna í hendurnar á byggðunum. Það er til dæmis fólk í Norður-Jótlandi sem ákveður hvernig á að eyða peningunum í því héraði. Við skiptum Danmörku í héruð og settum upp vaxtarráð í



MIÐLAR REYNSLU Susanne Kirkegaard Brodersen hefur skoðað síðustu ár hvernig best megi nýta ýmsa uppbyggingarstyrki ESB í Danmörku og nú miðlar hún reynslu sinni til Íslendinga. Þessir sjóðir eiga að draga úr efnahagslegri misskiptingu og auka samkeppnishæfni og atvinnu á einstökum svæðum innan ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er fólk í Norður-Jótlandi sem ákveður hvernig á að eyða peningunum í því héraði.

ráðum sitji fólk sem búi á svæðinu, fulltrúar úr ýmsum geirum samfélagsins, t.d. fulltrúar bænda, menntastofnana, úr bæjarráði og svo framvegis.

„Þetta fólk þekkir best styrk og veikleika síns heimasvæðis og getur ákveðið hvaða áherslur það vill hafa hverju sinni í vaxtaráætlun. Það veit hvað er sérstakt við svæðið og úr hverju þarf að bæta og ef t.d. þarf að gera átak í heilsugæslu er það bara auglýst og svo er öllum opið að sækja um verkefni.“

klemens@frettabladid.is

Hús sem staðið hefur autt lengi á Akureyri fær nýjan tilgang á næsta ári:

Gistiheimili við Hafnarstræti

SKIPULAGSMÁL Gistiheimili verður opnað í húsinu við Hafnarstræti 98 á Akureyri á næsta ári. Húsið hefur staðið autt lengi.

„Við ætlum að opna næsta sumar,“ segir Geir Gíslason, framkvæmdastjóri Akureyri Backpackers, sem er systurheimili Reykjavík Backpackers á Laugavegi. Nú er unnið að því að fá öll tilskilin leyfi og að því loknu verður hafist handa við endurbætur.

Húsið við Hafnarstræti var friðað í nóvember 2007. Þá hafði staðið til að rífa það. Árið 2008 keyptu KEA og Saga fjárfestingarbanki húsið með það að markmiði að gera það upp. Í fyrra var greint frá áhuga Foss-hótela á því að starfrækja hóteli í húsinu. Foss-hótel ætluðu að nýta byggingarétt fyrir aftan húsið en það hyggst Akureyri Backpackers ekki gera.

„Við ætlum að nota húsið eins og það er,“ segir Geir. Á gistiheimilinu verður pláss fyrir 102 gesti í tveggja til átta manna herbergjum. Þá verður rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á jarðhæð og þar verður einnig kaffihús.

Geir segir gismöguleika af þessu tagi lengi hafa vantað á Akureyri. Gistiheimili og upplýsingamiðstöð muni bæta fjölbreytileika bæjarins sem ferðamanna-staðar.

- þeb



HAFNARSTRÆTI 98 Húsið leit illa út þegar ákveðið var að friða ytra byrði þess árið 2007. Nú verður það gert upp og tekið í notkun sem gistiheimili.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRUNN



Félags skipstjórnarmanna

Golfmót Félags skipstjórnarmanna 2011.

Mótið verður haldið mánudaginn 29. ágúst á Keilissvellinum í Hafnarfirði og hefst kl. 10.00. Allir núverandi og fyrrverandi skipstjórnarmenn velkomnir ásamt fjölskyldumeðlimum og gestum. Keppt verður um titilinn GOLFKAPEINN ársins. Náandarverðlaun á þar 3 brautum. Um er að ræða punktkeppni með forgjöf.

Léttar veitingar í mótslok.

Skráning á ab@skipstjorn.is eða í síma 5201280.

Mótsgjald kr. 2000

Hittumst hress og eigum góða stund saman.

M.b.kv. Golfdeild FS

Skráðu þig á póstlistann á www.promennt.is og þú gætir unnið 100.000 kr. námskeið að eigin vali

Innritun hafin...

Haust 2011

Bókhalds- og Skrifstofunám

■ Skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri. Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu náminu eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritara og við bókhald. Kennend er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni.

Tölvugreinar: Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar: Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni: Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf, íslensk og ensk. Sölugæfni og markaðsmál.

Hefst 7. sept. Morgun- og kvöldhópar með möguleikanum á að skipta á milli eftir því sem hentar hverjum og einum.
Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

■ Tölvu og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar. Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

Hefst 7. sept. Morgun- og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir því sem hentar hverjum og einum.
Lengd: 200 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-

■ Stök námskeið

Bókhald 1 Lengd 115 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 12. okt.

Bókhald 2 Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,- Hefst 8. sept.

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 14. nóv.

Tollskýrslugerð Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,- Hefst 5. des.

Tölvuskólinn Isoft- Þekking verður PROMENNT

Nýtt nafn á gömlum og traustum grunni. Þó ennþá sama kennitalan, sama frábæra fólkið, á sama staðnum og hér eru auðvitað áfram sömu flottu nemendurnir! Nánar á promennt.is

Vefur, grafík og myndvinnsla

■ Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign.

Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 6. sept.

■ Myndbanda- og tæknibrellugerð

Skemmtilegt og gagnlegt nám fyrir þá sem vilja læra eftirvinnslu og klippingar myndbanda ásamt hönnun og gerð tæknibrella. Einnig eru tekin fyrir grunn atriði hreyfimyndagerðar. Unnið verður í Photoshop, Premiere Pro og After Effects.

Lengd: 100 std. Verð kr. 119.000,- Hefst 10. okt

■ Vefsíðugerð 1

Photoshop og Dreamweaver.

Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 7. sept.

■ Vefsíðugerð 2

Dreamweaver - Flash frh. - HTML og CSS

Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 10. okt.



Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Photoshop	7. sep	21 std	27.000,-
Dreamweaver grunnur	21. sep	26 std	29.000,-
Dreamweaver frh.	24. okt	21 std	27.000,-
Flash	10. okt	21 std	27.000,-
Illustrator	24. sep	31 std	44.000,-
InDesign	13. sep	31 std	44.000,-
WordPress – Vefurinn minn	13. sep	26 std	29.000,-
Stafrænar myndavélar & Picasa	20. sep	16 std	18.000,-

Almenn tölvunámskeið

■ Almennt tölvunám

Windows – Word – Excel – Internet – Outlook

Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 7. sept morgun- og kvöldhópar

Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Word 2010	9. sept	21 std	27.000,-
Excel 2010	21. sept	21 std	27.000,-
Excel frh. Stjórn & skipulag	19. sept	14 std	27.000,-
Outlook 2010	30. sept	10 std	15.000,-
PowerPoint 2010	5. okt	10 std	15.000,-

FJARKENNSLA
Í BEINNI

Microsoft Partner
Silver Learning

GEYMIÐ
AUGLÝSINGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is



TVÆR LJÓSAÞYNGINGAR Flugeldasýning á ytri höfninni tók við af tendrun ljósanna í glerhjúpi Hörpu. Mikill mannfjöldi fylgdist með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STÓR-ÚTSALA



Fortjöld	-30%
Tjöld	-60%
Kælibox	-50%
Stólar	-35%
Borð	-40%
Dúkur í fortjald	-20%
Svuntur á vagna	-20%
Matarsett	-50%
Hnífapör	-50%
Glös og bollar	-50%
Eldhúshöld	-60%
Sólarsellur	-20%
Skyggni	-20%
Leikföng	-50%
Sóltjald DWT	-20%
WC efni	-20%
Hliðarspeglar	-30%
Fánahöldur	-20%
TV loftnet	-30%
Pottasett	-40%
Gasvarðeldur	-30%
o.fl o.fl o.fl	



ALLT Í FERÐALAGIÐ

VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720
WWW.VIKURVERK.IS

100 þúsund í miðbænum

Menningarnótt var haldin hátíðleg á laugardag og hafa aldrei fleiri tekið þátt í dagskránni. Þátttökumet var slegið í Reykjavíkumaráðinu og fjöldi fólks fylgdist með tendrun ljósanna í glerhjúpi Hörpu.

REYKJAVÍK Hátt í 100 þúsund manns voru í miðborg Reykjavíkur á Menningarnótt á laugardag. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í dagskrá Menningarnætur, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Veðrið var með allra besta móti og nutu gestir veðurblíðunnar samhliða því að berja augum fjölmarga viðburði sem fram fóru í tilefni dagsins.

Fyrri part dags voru lit-skrúðugir hlauparar áberandi í borginni, enda var þátttökumet slegið í Reykjavíkumaráðinu. Alls var 12.481 þátttakandi skráður til leiks í öllum sex vegalengdunum sem boðið var upp á. Á Ingólfstorgi safnaðist saman mikill fjöldi á 25 ára afmælistónleikum Bylgjunnar og að sama skapi var Arnarhóll þétt setinn þegar tónleikar Rásar 2 hófust þar.

Laust fyrir klukkan 23 orðu

Reykvíkingar vitni að því þegar ljósin í glerhjúpi Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhússins sem einnig var vígt á laugardag, voru tendruð í fyrsta sinn. Mikil eftirvænting hafði skapast í aðdraganda viðburðarins en sitt sýndist hverjum um útkomuna.

Í yfirlýsingu segist höfundur verksins, listamaðurinn Ólafur Elíasson, afar stoltur af því að hafa fengið að taka virkan þátt í uppbyggingu þeirrar menningarlegu stofnunar sem Harpa sé. Hann segir þróun hússins hafa boðið upp á einstakt samspil milli lista og arkitektúrs sem hafi reynst honum mikill innblástur.

Formlegri dagskrá lauk síðan að ljósaþyngingunni lokinni með flugeldasýningu við Hafnarbakkann, eins og tíðkast hefur lengi á Menningarnótt.

kjartan@frettabladid.is



STUÐ Fyrir enda Austurstrætis fóru fram kraftmiklir Bylgjutónleikar og fjörið náði yfir á Lækjartorg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GLEÐILEGA SKÓLA-BYRJUN!

STARFSFÓLK EYMUNDSSON HLAKKAR TIL AÐ NÝTA ÞEKKINGU SÍNA TIL AÐ AÐSTOÐA NÁMSMENN MEÐ SKÓLALISTANA Í DAG!

ÞAÐ ER GAMAN AÐ VERSLA FYRIR SKÓLANN Í EYMUNDSSON

ÁFRAM NÁMSMENN!

30% AFSLÁTTUR

Verð krónur **1999**

Áður: 2.899,-

Flott Hello Kitty taska með nestisboxi og nestisbrúsa

Pennaveski í úrvali bæði fyllt og hólkar!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PENNAVESKJUM AÐEINS Í DAG!

ATH! VARIST EFTIR-LÚKINGAR

Crayola gæðalitir
Endast miklu betur

PVC frítt strokleður
Söluhæsta strokleðrið í Evrópu.

Litríkir skrúfblýantar

Svart gæða strokleður

Keyptu 5 í pakka og þú borgar fyrri 4 Línu- og rúðustrikaðar

MUNIÐ ÁVÍSUN SEM SEND VAR FORRÁÐAMÖNNUM 6 ÁRA BARNA. HÚN VETIR 1.000 KRÓNA AFSLÁTT EF KEYPT ER FYRIR 5.000 KRÓNUR EÐA MEIRA

TAKTU ÞÁTT Í SKÓLALÉIK!

Allir sem versla fyrir 5.000 kr. eða meira geta tekið þátt í skólaleik Eymundsson. Margir flottir vinningar fyrir heppna viðskiptavini.

2. stk gjafabréf að andvirði 20 þús frá Eymundsson

5 Partyplattar frá Subway

Prentari frá Brother

Biómiðar

FRÉTTASKÝRING: Stefna umhverfissráðherra í skógræktarmálum og lausagöngu sauðfjár

Ráðherra vill stýringu í sátt við bændur

Umhverfissráðherra reiknar með að nefndir á hennar vegum skili tillögum um að beit sauðfjár verði stýrt betur. Sú stefnumótun stendur yfir. Hún talar um samningaviðræður við bændur en vill ekki segja að stefnt sé að því að halda öllum skepnum innan girðingar. Sauðfjárbændur efast um að það sé gerlegt.

Svandís Svavarsdóttir umhverfissráðherra býst við því að út úr margvíslegu nefndarstarfi á vegum ráðuneytis síns komi fyrir áramót tillögum um „leiðir til að koma á beitarstýringu og væntanlega einhverjar samningaviðræður við sauðfjárbændur“. Nefndir þessar vinna að endurskoðun laga um skógrækt og landgræðslu. Þá er unnið að áætlun um útbreiðslu birkiskóga.

Ráðherrann segir sambúð skógræktar á Íslandi og sauðfjárbænda flókið mál; lausaganga hafi haft veruleg áhrif á skógræktina. „Lausaganga búfjár á Íslandi felur í sér ýmiss konar álag, ekki bara fyrir skógræktarbændur heldur þurfa fleiri að huga að því að girða, svo sem Vegagerðin,“ segir Svandís. Hún vill leysa málið í sátt við bændur.

Spurð hvort stefnan sé sú að halda öllu sauðfé innan girðingar svarar Svandís því fyrst til að hefð sé fyrir lausagöngu sauðfjár á Íslandi.

„Stefnan er sú að það þarf að leysa þann núning sem hefur myndast milli skógræktar og sauðfjárræktar og ég heyri það almennt á bændum að þeir eru til í að ræða ýmsar hliðar á því. En það þarf að ræða þetta í tengslum við lagasetninguna og betri beitarstýringu. Stefnumótunaryvinnan stendur yfir,“ segir hún.

Spurð enn um girðinguna segist ráðherra ekki vilja taka fram fyrir hendur nefndanna sem að störfum eru. „En það er alveg ljóst að þetta er eitt af því sem þarf að tala um.“



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



ÞORVALDUR GYLFASON



MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

„Hins vegar yrði girðingarkostnaður klárlega gífurlegur fyrir sauðfjárbændur og þetta er spurning um vörsluskyldu búfjár, reglusetningu sem er á valdi sveitarfélaganna. Mörg sveitarfélög hafa sett reglur um að stórgripir þurfi að vera innan girðingar en ekki sauðfé. Sveitarfélögin gætu í sjálfu sér gert það en það yrði ekki einfalt mál. Það þyrfti að ná lendingu í þessu máli með samtali milli sauðfjárbænda, sveitarfélaga og þeirra sem eru að endurskoða meðal annars skógræktarlögin,“ segir hún.

Deiluefni til áratuga

Lausaganga sauðfjár er sígilt deiluefni á Íslandi. Sauðkindinni er kennt um að á Íslandi er lítill trjágróður en mikill uppblástur.

Sauðfjárbændur hafa verið sakadír um rányrkju í það minnsta síðan 1923. Á þessum tíma hefur þó margur bóndinn girt sauðfé sitt af og sveitarfélög mörg bannað lausagöngu sauðfjár. Önnur ekki, með tilheyrandi raski á landi annarra og slyshættu á vegum úti.

Margrét Guðmundsdóttir skógarbóndi skrifaði nýlega grein í Fréttablaðið sem hún kallaði „Döggun í sauðfjárrækt“ og sagði löggjöf um sauðfjárrækt úrelta.

„Eignarrétturinn er fótum troðinn með lausagöngu búfjár,“ sagði

Margrét þar og vísaði til þess sem kallað er rányrkja: „margir sauðfjárbændur nota jarðir [landgræðslu- og skógarbænda] undir eigin atvinnustarfsemi.“ Hún hnýtir því við að þessi kostnaður annarra sé aldrei tekinn inn í útreikning um framleiðslukostnað lambakjöts.

„Það er síðlaust og brot á jafnræðisreglu að ein atvinnustarfsemi geti með þessum hætti þvingað rekstrarkostnað sinn á aðrar atvinnugreinar,“ segir Margrét.

Hún nefnir mikilvægi skógræktar í baráttu gegn loftslagsbreytingum og að þessir hlutir geti haft vægi í alþjóðlegum viðskiptum með losunarkvóta. Mál sé til komið að Íslendingar hætti að flytja út „yfir 100.000 tonn af gróðri, m.a. af gróðursnaudum heidum, í formi lambakjöts“.

Forsaga og dáðir Svandísar

Þorvaldur Gylfason prófessor reifaði fyrir ári í Fréttablaðinu að umhverfisflokkurinn VG hefði stýrt bæði landbúnaðar- og umhverfissráðuneytum um nokkurt skeið, án þess að stugga við sauðkindinni. Hreyfingin „lyftir ekki litlafingri gegn gróðureyðingunni“. Það hefði raunar enginn umhverfissráðherra Íslands gert.

„Stjórnmalaflokkarnir fást ekki enn til að ráðast að rótum vandans með því að skylda bændur að lögum til að loka sauðfé og hross inni í beitarhólfum,“ sagði Þorvaldur.

Svandís Svavarsdóttir umhverfissráðherra sagði þá á þessum síðum að Þorvaldur væri að „egna sig til dáða“.

Í maí á þessu ári skipaði umhverfissráðherra síðan nefnd til að endurskoða lög um skógrækt, með það í huga að „skýra betur ákvæði um verndun skóga, leiðir til nýræktunar skóga og meðferð og sjálfbæra nýtingu skógarauðlinda landsins“.

Nefndin á að skila niðurstöðum í desember og markmiðið er að efla og styrkja stöðu skógræktar í landinu. Í sama mánuði skipaði Svandís nefnd um endurskoðun laga um landgræðslu. Sú hefur það „meginmarkmið að byggja upp og



SAUÐFÉ Á BEIT Lausaganga sauðfjár hefur verið deiluefni til áratuga á Íslandi. Flestir virðast sammála um að vel færi á því að skepnurnar væru innan girðinga eigna sinna en sauðfjárbændur segja að það kunnist að vera ógerlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR

Girðingarkostnaður yrði klárlega gífurlegur fyrir sauðfjárbændur.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
UMHVERFISRÁÐHERRA

endurheimta gróður- og jarðvegsauðlindir landsins og stuðla að því að nýting þeirra verði sjálfbær“.

Þá má þess geta að í yfirstandandi verkefni ráðuneytisins um útbreiðslu birkiskóga „verður lögð áhersla á samstarf við landeigendur um friðun lands frá beit í nágrenni birkiskóga/skógarleifa“.

Öll ráð í höndum Vinstri grænna

Nema stefnan sé sú að takmarka skógrækt og landgræðslu við afmörkuð vernduð svæði á Íslandi þarf að girða sauðfé inni. VG fer

með þau ráðuneyti sem gætu komið að því. Svandís fer með umhverfismálin. Sauðfjárrækt á heima í landbúnaðarráðuneyti Jóns Bjarnasonar. Sveitarstjórnarmál (og umferðaröryggismál reyndar líka) falla undir Ögmund Jónasson. Umhverfisflokkurinn VG hefur því öll ráð í hendi sér til að leysa þennan aldargamla vanda. Áhugiinn er fyrir hendi, í það minnsta í umhverfissráðuneytinu.

En VG er bændaflokkur líka og áhugi bænda á því að girða af landið sitt, umfram það sem þegar hefur verið gert, er öllu minni.

Klemens Ólafur Prastarson
klemens@frettabladid.is



Skiptu út **gömlu** gólfþvottavélinni fyrir **nýja**



TASKI by Diversey

Allar gerðir gólfþvottavéla skoðaðar og verðmetnar

Verðmat fæst sem greiðsla upp í nýja vél

- Úrval hágæða gólfþvottavéla
- Öflug viðgerða- og varahlutabjónusta

TANDUR Sími 510 1200 / www.tandur.is

Gæti verið ógerlegt segir formaður



SINDRI SIGURGEIRSSON

Til að bæta stöðu skógræktarinnar hefur ríkissjóður styrkt skógræktarbændur til að girða af hjá sér. Formaður sauðfjárbænda, Sindri Sigurgeirsson, segist hlynntur því að svo verði áfram.

„Það er alveg klárt að það er mjög til hagsbóta fyrir umferðaröryggi að girða sauðfé af frá þjóðvegum. En varðandi afrétt og annað er það í sumum tilfellum nánast ógerlegt að girða vegna þess hve land getur verið erfitt yfirferðar. Miðað við hvað það kostar að girða verður skoðað það mjög vel hvort það sé á bændur bættandi,“ segir hann.

En getur Sindri haldið því fram að sauðfjárrækt sé sjálfbær ef hún fer ekki fram á landssvæði sauðfjárbóndans?

„Viðast hvar er þetta í góðu lagi. Hefðbundna formið er að bændur eru með sitt fé innan girðingar þangað til þeir fara með það á afrétt, sem er í flestum tilfellum afgirt. Það eru einstaka dæmi um að fé fari á land annarra og það er spurning um girðingar milli einstakra jarða,“ segir Sindri. Hann telur ekki að neinn bóndi beiti fé sínu af ásetningu á land annarra.

„Og Náttúrufræðistofnun tilkynnti síðasta vor að samkvæmt gervi-hnattamyndum væri gróður í framför. Við litum svo á að á meðan svo sé, og meðan sýnt sé fram á að eftirlit sé með beit og öðru, sé þetta sjálfbært,“ segir Sindri.

Hver er samþykkt stefna VG?

Í stefnu VG, sem birt er á netinu, er minnst á skógrækt því þar segir að stefna hreyfingarinnar sé að „stuðla að aukinni þátttöku bænda í landgræðslu, skjólbeltarækt og skógrækt“.

Þar segir og að náttúruauðlindir eigi að nýta „í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið“. Að lífríki landsins skuli vernda með löggjöf og skipulagi: „Móta þarf heildstæða stefnu um gróðurvernd, samþætta lagaákvæði um verndun jarðvegs og gróðurs og gera vistfræðileg og síðræn gildi að undirstöðu í verndun og nýtingu.“

Síðast en ekki síst talar VG um sjálfbærni og fjölbreytni í framleiðslu-háttum: „Brýnt er að Ísland og önnur ríki leitist við að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og tryggja þannig efnahagslega, félagslega og vistfræðilega velferð.“





Fróðleikur og skemmtun fyrir fönðrara, sœlkerá, grillara, garðálfa...

Viðburðir



Ljósadagar

25. til 29. ágúst



Dýradagar: smáhundar

17. til 18. september



Kósí konukvöld

3. nóvember



Uppskerumarkaður hefst

26. til 29. ágúst



Ljósaseriur og jólatrén sem endast

21. til 23. október



Aðventuhelgin

26. til 27. nóvember



Töfrar haustsins

2. til 4. september



Jólalandið opnar!

28. október



Jólagleði

4. desember



Gjafadagar

10. til 12. september



Dýradagar: kettir

29. til 30. október

Námskeið

Lærið og gerið sjálf

Öðruvísi sultur og pestó

31. ágúst
kl. 17:30



Haustlaukar og haustverkin

14. september
kl. 17:30



Skartgripagerð

5. október
kl. 17:30



Sveppatísla og matseld

7. september
kl. 17:30



Haustkransagerð og skreytingar

21. september
kl. 17:30



Aðventukransa- og hurðakransagerð

15. eða 16. nóvember
kl. 17:30



Grillskóli Gardheima og Weber

Grillskólinn hvítt

25. ágúst
kl. 18:00



Grillskólinn rautt

15. september
kl. 18:00



Grillskólinn villibráð

20. október
kl. 18:00



Grillskólinn jólakalkúnn

17. nóvember
kl. 18:00



Upplýsingar og skráning á gardheimar.is

Pingsályktunartillagan um rammaáætlun er mikill sigur fyrir náttúruvernd á Íslandi.

Vönduð vinnubrögð

Ekki er ofmælt hjá Árna Finnssyni, formanni Náttúruverndarsamtaka Íslands, að þingsályktunartillagan um rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða sé sigur fyrir náttúruvernd í landinu. Tuttugu svæði þar sem orkufyrirtækin hafa haft fullan hug á að virkja og varið hundruðum milljóna eða milljörðum króna til rannsókna og undirbúnings eru samkvæmt tillögunni sett í verndarflokk. Þau verða ósnortin af virkjanaframkvæmdum og nýtast með öðrum hætti, til dæmis útivistar og ferðapjónustu. Á verndarlistanum eru til dæmis Norðlingaölduveita (sem hefði haft áhrif á Þjórsárver), Torfajökulssvæðið, Langisjór, Kerlingarfjöll, Ölkelduháls (Bitruvirkjun), Gjástykki, Brennisteinsfjöll og Grændalur.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Það sem almenningur á kannski ekki að venjast er að þessi þingsályktunartillaga er ekki niðurstaðan af einhverjum pólitískum hráskinnaleik og hrossakaupum. Tillagan er byggð á grundvelli gífurlega mikillar vinnu og upplýsingaöflunar fjölda færustu sérfræðinga, hvers á sínu sviði. Horft var á virkjanakostina út frá mismunandi sjónarhornum orkunýtingar, náttúruverndar, efnahags- og samfélagslegra áhrifa, ferðamennsku og verndunar fornlæifa og menningarminja. Hvorki þrýstingur orkufyrirtækja né ýrtruðu kröfur verndarsinna réðu niðurstöðunni, heldur byggist hún á köldu og yfirveguðu faglegu mati. Útkoman varð sú forgangsroðun sem þingsályktunartillagan er byggð á.

Á næstu vikum gefst almenningi, félagasamtökum og hagsmunaaðilum kostur á að segja sitt álit á þingsályktunartillögunni. Alþingi tekur hana síðan til meðferðar og er markmiðið að afgreiða hana fyrir 1. febrúar á næsta ári. Miklu skiptir að sú tímaáætlun haldi, meðal annars til að orkufyrirtækin geti sett á fullt framkvæmdir við virkjanakosti sem ákveðið verður að ráðast í.

Að sjálfsögðu verða ekki allir sammála forgangsroðun sérfræðinganna og flokkuninni sem nú er gert ráð fyrir. Í Fréttablaðinu á laugardag kom fram að líkast til yrðu virkjanir í neðri hluta Þjórsár, sem gert er ráð fyrir að verði ráðizt í samkvæmt tillögunni, erfiðasta úrlausnarefnið á Alþingi. Innan þingflokks Vinstri grænna mun ríkja talsverð andstaða við þær virkjanir.

Á því máli eru margar hliðar. Í Fréttablaðinu í dag kemur til dæmis fram að talsmenn verndunar villtra fiskstofna hafa miklar áhyggjur af áhrifum Þjórsárvirkjana á einn stærsta laxastofn landsins og sjóbirting í fljótinu. Aðalatriðið er að þegar tekin verður afstaða til virkjana í Þjórsá verði það á sömu faglegu forsendum og gerð rammaáætlunarinnar byggðist á, þar sem mismunandi sjónarmið eru vandlega vegin og metin, en umræðan fari ekki aftur í far pólitískra upphrópana.

Orð Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, þingmanns VG, frá því í vanastrustumræðum í vor, um að forða yrði Þjórsá frá „stóriðjuöflum“, „braski“ og „einkavinavæðingu“ gefa reyndar ekki allt of góða von um þau vönduðu vinnubrögð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sterkt Magnesium

500 mg
1 hylki á dag



Vöðvaslaskandi og róandi
Fæst í mörgum heilsuþúðum og apótekum

FRÁ DEGI TIL DAGS

Guðlaugur og heimildirnar

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður tileinkaði höfundu þessa dálks heila grein í laugardagsblaði Fréttablaðsins vegna skrifta um rekstur Landspítalans. Rétt er hjá þingmanninum að vel er í lagt að tala um þriggja ára ráðherratíð Guðlaugs, því hann sat aðeins í embætti í 20 mánuði. Einmitt af þeim sökum var eina heila ár hans í embætti sérstaklega tekið út. Guðlaugur kys að nota gamla forsiðufrétt Fréttablaðsins frá því í ágúst 2008 sem heimild um rekstrarárangur þess árs. Þó að Fréttablaðið sé vissulega ívitnunarvert er eðlilegra að notast við fjárlög og ríkisreikning.

Guðlaugur og sannleikurinn

Til að gæta allrar sanngirni skal aðeins einblínt á árið 2008, því Guðlaugur sat á ráðherratóli allt það ár. Í fjárlögum þess árs er Landspítalanum úthlutað 35.565.500.000 króna. Endanleg útgjöld spítalans námu 40.626.114.000 krónum, eða 5.060.614.000 krónum meira en ráð var fyrir gert. Munurinn er meiri þegar þær tekjur sem gert var ráð fyrir eru teknar með í reikninginn, en þær áttu að nema 2.356.000.000, þannig að gjöld umfram tekjur áttu að vera 32.209.500.000 krónur, en orðu 40.626.114.000 kr.

Heilbrigðismálin öll

Þegar útgjöld til heilbrigðismála eru skoðuð árið 2008 kemur í ljós að þau voru um 10,3 milljörðum umfram fjárlög. Fjárheimild ráðherra til málaflokksins hafði þó hækkað umtalsvert á milli ára, eða um 14,7 milljarða króna. Það gerir 15,1 pró-sents hækkun. Í skýringum í ríkisreikningi árið 2008 segir: „Helstu breytingar á milli ára eru hækkun á gjöldum Landspítala um 4.592 millj. kr.“ Guðlaugur fékk því rými fjárheimildir en forveri hans, en engu að síður fór spítalinn rúma 5 milljarða fram úr heimildum.



kolbrunn@frettabladid.is

HALLDÓR



Einangrunarstefna

ESB-aðild



Magnús Orri Schram
þingmaður Samfylkingar

Evrusamstarfið mun að öllum líkindum dýpka og breytast töluvert á næstu árum. Til að bregðast við skuldavandamálum einstakra ríkja er stefnt að nánara samstarfi svo taka megji á ríkisútgjöldum og skuldastöðu. Við þessar jákvæðu breytingar mun samstarf innan evru styrkjast og væntanlegur ávinningur Íslendinga af upptöku evru verður enn til staðar. Þess vegna er afstaða formanns Sjálfstæðisflokksins til aðildarumsóknar mikil vonbrigði. Það er með hreinum ólíkindum að formaðurinn vilji taka af þjóðinni möguleikann til upplýstrar ákvörðunar um aðild að ESB, án þess að vita hvernig tekst með t.d. sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Atvinnulíf í landinu hefur lengi kallað eftir aðild, enda öruggt rekstrarumhverfi mikilvægt fyrir öflugt atvinnulíf, þá sérstaklega þau fyrirtæki sem búa við mikla vaxtarmöguleika. Afstaða formannsins er líka mikil vonbrigði fyrir heimilin, sem hafa vænst lægri vaxta, afnáms verötryggingar og lægra matarverðs með aðild að ESB. Þessi afstaða er einnig vonbrigði fyrir miðju og hægri kjósendur sem telja að alþjóðaviðskipti, lægri viðskiptakostnaður og öryggi í rekstrarumhverfi fyrirtækja

gegni lykhillutverki við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú snúið bakinu við þessum kjósendum og gefið yfirlýsingu um íhalds- og einangrunarstefnu. Um leið og Sjálfstæðisflokkurinn kveður nú hófsama kjósendur sína er mikilvægt að Samfylkingin stigi ákveðnar fram í anda frjálslyndrar jafnaðarstefnu. Mikinn afslátt af þeirri stefnu hefur þurft að gera í samstarfinu við VG. Mikilvægt er að ríkisstjórnin undir forsæti Samfylkingar leggi nú megináherslu á verðmætasköpun og markvissa atvinnusókn. Um leið og gætt er að þeim sem verst standa í samfélaginu á að stefna að nauðsynlegu aðhaldi í ríkisútgjöldum, hófsemi í skattlagningu, ábyrgri sókn í orkumálum í anda verndaráætlunar, réttlátri skiptingu arðs af auðlindum og endurskoðun landbúnaðarkerfisins svo auka megji nýsköpun og arðsemi til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Samfylkingin er í raun eini valkostur þeirra sem hafna stefnu einangrunar en vilja byggja upp fjölbreytt atvinnulíf í alþjóðlegum tengslum, og losa heimilin undan oki verötryggingar og hárra vaxta. Samfylkingin ber því ríka ábyrgð sem valkostur frjálslyndra kjósenda á miðju íslenskra stjórnmalá.

Möffins-ógnin

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Eins og meðalmennskan er Enú útbreidd hér á landi og sýnist stundum allsráðandi þá má það merkilegt heita að það er stundum eins og vanti alveg meðalhóf í íslenskt samfélag, eitthvert milliregistur sem er að finna meðal fjölmennari þjóða en á erfitt uppdráttar hér: einhverja skynsemi. Íslendingum er stjórnað af fólki sem bannar kökubasara.

Það gerðist í sumar að nokkrar konur á Akureyri hugðust efna til samkeppni um það hver bakaði bestu möffins-kökurnar. Voru konur hvattar til að senda inn muffur til að velja úr og átti síðan að setja þær á basar þar sem þær skyldu seldar við vægu verði. Allt átti þetta skemmtilega framtak að verða til þess að styrkja eitthvert gott málefni þar nyrðra.

Ónei! Engan svona möffins-ósóma – hér var ógn sem þurfti snarlega að bægja frá ef ekki átti illa að fara. Heilbrigðisfyrirvöld bönnuðu stranglega að seld væru matvæli sem ekki væru framleidd í sérstökum og vottuðum eldhúsum með sérstökum og vottuðum búnaði og þegar reynt var að tala við talsmann Heilbrigðiseftirlits Norðurlands svaraði hann fimlega með laga-speki og tilvísunum í paragröf, og gott ef hann vísaði ekki til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sem jafnan reynist óbrigðult ráð fyrir lögfræðinga í vand-ræðum.

Heimabökuð vandræði

Nú er það kannara en frá þurfi að segja að þótt svo ólíklega kunni að fara að Íslendingar gangi einhvern tímann í Evrópu-sambandið þá mun að minnsta kosti Jón Bjarnason ekki fylgja með í þann félagsskap – né hans ráðuneyti heldur munu þeir eflaust flýja til fjalla og stunda

þaðan skæruhernað. Óneitanlega hvarflar að manni að þessi ósveigjanlega og fátánlega regla um kökubasara í höfuðstað Norðurlands kunni að vera runnin undan rifjum manna í landbúnaðarráðuneyti til þess að telja þjóðinni trú um að svona sé nú einu sinni reglufarganið sem fylgi Evrópusambandinu.

En það er sem sé ekki svo. G. Pétur Matthíasson, fyrrum fréttamaður á sjónvarpinu, tók sig til og grennslaðist einfaldlega fyrir um þetta og þá kom hið rétta á daginn, í ESB eru engar slíkar reglur – það eru íslenskir reglumennt sem banna kökukeppni, muffusölu á vegum góðgerðarféлага, vöflluát utan heimilis, basara þar sem boðið er upp á eitthvað að snæða.

Fólk sem hefur komið til Evrópu þekkir líka þá miklu hefð sem þar er fyrir ómiðstýrðri framleiðslu á mat þar sem aldagamlar staðbundnar hefðir í matargerð fá að njóta sín.

Hitt stendur eftir, að þetta bann við möffinsbakstri til að selja á basar er eitt af þessum íslensku skringibönnum sem heimsfræg hafa orðið: í flokki með bjórbanninu og hundabanninu sem heimurinn er enn að tala um.

Því er ekki að heilsa hér á landi. Hér má ekki framleiða ost nema samkvæmt réttilega útfylltum og „vottuðum“ aðferðum. Ekki má prófa sig áfram með og framleiða til sölu mat nema að undangenginni smásmugulegri rannsókn þar sem gengið er út frá því sem gefnu að viðkomandi hyggist byrja almenningi ólyfjan.

Á meðan förum við um landið og snæðum smuróluborgara og kjúklingabita sem bragðast eins og djúpsteiktur pappi.

Það er gott að banna

Íslendingum er stjórnað af fólki sem bannar kökubasara. Hvers vegna? Það er náttúrulega hugsanlegt að það sé af ótta við sjúk-

dóma og sýkla því að sóðaskapur sé hér landlægur í eldhúsum landsmanna og almennt miklu meiri en tíðkast meðal þjóða á meginlandi Evrópu.

Það kann að vera runnið undan rifjum þeirra sem vilja telja okkur trú um að við fáum öll gin- og klaufaveiki ef leyft verður að flytja inn kjöt frá útlöndum.

Það kann líka að hugsast að bannið sé til komið vegna óttablandinnar virðingar embættismanna í Gin- og Klaufaráðuneytinu fyrir þeim lagabókstaf sem þeim er gert að starfa eftir og daglegs ótta við að aðhafast eitthvað sem kunni að fara í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Svo má líka vera að það sé hreinlega gaman að banna, sé maður á annað borð í aðstöðu til þess. Þá finnur maður vald sitt. Þá ræður maður.

Ekki er gott að segja. Hitt stendur eftir, að þetta bann við möffinsbakstri til að selja á

basar er eitt af þessum íslenskum skringibönnum sem heimsfræg hafa orðið: í flokki með bjórbanninu og hundabanninu sem heimurinn er enn að tala um. Hingað mun þyrpast fólk til að sjá með eigin augum þjóðina sem bannar kökubasara, hunda og bjór.

Það er sem sé stundum eins og vanti hér eitthvert meðalhóf. Það skal ýmist alfrjálst eða alkúgað. Við bjuggum hér við heimsmet í bankafrelsi um hríð, sem fólst í því að bankastjórar máttu búa til peninga að vild – og greiða sér í laun meiripartinn af því – en á meðan er fólk bannað að selja vöfflur til styrktar fyrir sjötta flokk í blaki.

AF NETINU

Ef nauðsyn ber til



Gef ekki túskilding fyrir uppkast stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Þar sjást fingraför lagatækna. Orðalagið „ef nauðsyn ber til“ gefur valdhöfum umboð til að víkja frá grunnildum stjórnarskrár. Tjáningarfrelsi má hefta, „ef nauðsyn ber til“, sömuleiðis upplýsingarfrelsi og fundarfrelsi. Skráin heftir ekki grunnmúraða leyndarhyggju. Kosningareglur eru flóknaðar að hætti Þorkels Helgasonar, svo sem „kjörðæmavarið landskjör“.

Atkvæði greitt Katrínu í Reykjavík lendar hjá Ásmundi Einari í Dölnum. Þjóðkirkjan hefur óbreytta stöðu. Ekki tekur því að skipta um stjórnarskrá upp á þessi býti.

jonas.is

Jónas Kristjánsson


Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...



B-Class NGT metanbíll

Þú vilt ekki missa af þessum!

Nú er tækifærið til að tryggja sér þennan frábæra metanbíl frá Mercedes-Benz. Aðeins nokkrir bílar í boði á einstöku tilboðsverði með fínum aukahlutapakka.

Verð aðeins 4.990.000 kr.

með sjálfskiptingu, sjálfvirkri loftkælingu, innfelldu barnasæti, Bluetooth-símkerfi, 16" álfelgum, heilsársdekkjum og fleiru.



125! ár af nýjungum



Mercedes-Benz

Aðeins það besta.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Eiga íþróttir og munntóbak samleið?

Heilbrigðismál

Bára Sigurjónsdóttir
verkefnisstjóri hjá
Landlækniseimbættinu



Íþróttir spila mikilvægt hlutverk í heilsu og velferð samfélagsins og unga fólksins okkar sem tekur þátt í daglegu starfi íþróttafélaganna. Það að íþróttafélög setji sér stefnu um að vera tóbaklaus styrkir enn frekar þau jákvæðu áhrif sem starf íþróttafélaganna hefur á heilsu iðkenda sinna og samfélagsins.

Tóbaklausar íþróttir fela í sér að allir sem taka þátt í íþróttastarfi eða koma að því með einum eða öðrum hætti noti ekki tóbak, mæli gegn notkun þess og komi í veg fyrir hvers konar tóbaksnotkun. Það þýðir að hvorki leikmenn, þjálfarar né fyrirliðar noti tóbak í vörina, í nös, eða reyki á

meðan þeir sinna starfi félags síns.

Neysla munntóbaks hefur farið vaxandi síðustu ár, einkum meðal ungra karlmanna, og er ungt íþróttafólk alls ekki undanskilið. Munntóbak og íþróttir eiga hinsvegar enga samleið, ekki frekar en reykingar og íþróttir. Allt tóbak skaðar heilsu neytandans. Engu máli skiptir hvaða tóbakstegund er notuð, hvort tóbakið er tekið í vörina, reykt eða tekið í nefið, allar gerðir tóbaks hafa heilsuspillandi áhrif.

Skaðsemi munntóbaks

Talsvert er um að því sé haldið fram að munntóbak skaði heilsuna minna en reykingar. Slíkur samamburður er ákaflega villandi því fátt er jafn heilsuspillandi og reykingar. Að halda því fram að reyklaust tóbak (munntóbak, neftóbak) sé hættulaust efni sem nota má í staðinn fyrir sigarettur, stenst ekki skoðun.

Rannsóknir hafa sýnt að neysla reyklauss tóbaks getur leitt til ýmissa sjúkdóma, þá einkum þess sem tekið er í munn sem getur haft áhrif á tannholdssjúkdóma, valdið tannmissi og tannholdsryrning. Að auki má geta þess að í sumum tegundum reyklauss tóbaks eru efni sem geta leitt til krabbameins, þá aðallega í munnholi, vélinda og í brisirtli. Í ofanálög er munntóbaksneysla mjög ávanabindandi og veldur jafnvel meiri fíkn en reykingar.

Hvaða áhrif hefur munntóbak á árangur íþróttamanna?

Minni líkur á hámarksárangri og aukin hætta á meiðslum.

Nikótínið í tóbaki dregur saman æðar þannig að flutningur næringar, þ.e. blóðs og súrefnis, til vöðva minnkar. Minna blóðflæði til vöðva veldur því að lengri tíma tekur að byggja þá upp og eins að ná bata ef slys eða meiðsli eiga sér stað. Tóbaksnotkun dregur þannig úr árangri þeirra sem stunda íþróttir og þjálfunin skilar ekki þeim árangri sem annars gæti náðst. Það íþróttafólk sem vill ná betri árangri ætti því að láta munntóbakið eiga sig.

Norsk rannsókn bendir til þess að munntóbaksneytendum sé hættara við meiðslum en þeim tóbakslausu. Meiðsli í vöðvum, liðum, hnjám, liðböndum, sinum og bakeymsli ýmiss konar voru algengari meðal munntóbaksneytenda. Nikótín hækkar einnig blóðþrýsting og puls sem veldur aukalági á hjartað.

Munnur og Húð

■ Tóbaksneysla dregur úr súrefnismagninu sem berst til húðarinnar og þess vegna tekur lengri tíma að losna við unglingsbólur en ella, ef þær eru til staðar.

■ Tóbaksneysla getur valdið hrukkmyndun langt um aldur fram.

■ Tóbakstuggur (baggar) geta valdið því að varirnar springa og að hvítir blettir, sár og blæðingar koma í munninn eftir stutta notkun.

Hvað þurfa foreldrar að vita um munntóbaksnotkun?

Ungt fólk byrjar oftast að nota munntóbak fyrir tilstuðlan hópprýstings eða fyrirmynda. Börn og unglingar líta upp til þeirra sem eldri eru og taka upp óæskilega hegðun eins og tóbaksnotkun ef fyrirmyndirnar nota munntóbak. Ungmenninn verða mun fyrir háð nikótíni en fullorðnir og geta

fyrir tilstuðlan hópprýstings eða fyrirmynda er ekki skrítið að foreldrar barna, sem útsett eru fyrir þessari neyslu í því íþróttatímastundastarfi sem barnið tóbaksneyslu látta óáreiða, jafnvel af þjálfurum eða afreksíþróttamönnum, innan starfsins.

Hvað geta forráðamenn íþróttafélaga og íþróttþjálfarar gert til að koma í veg fyrir tóbaksnotkun íþróttamanna?

Fyrirmyndir ungs fólks eru þjálfarar, eldri leikmenn, fyrirliðar og aðrir foringjar í hópum þeirra, félagarnir og fjölskyldan. Börn og unglingar líta upp til

„Æskilegt er að íþróttafélög marki sér stefnu í tóbaksvörnum til að stuðla enn frekar að heilbrigðum lífsstíl íþróttafólks með því að ganga fram með góðu fordæmi.“

átt erfiðara með að hætta tóbaksnotkuninni. Því er um að gera að reyna að grípa sem fyrst inn í ef ungt fólk er byrjað að fíka við tóbaksnotkun.

Foreldrar hafa iðulega mest áhrif á börnin sín. Þess vegna ættu foreldrar að tala opinskið við börn og unglinga um munntóbaksnotkun og heilsutjónið sem getur fylgt henni. Eins er ráðlegt að fylgjast með félögum barnanna sinna og hvort þeir noti munntóbak eða annað tóbak.

Foreldrar geta farið fram á að þau íþróttafélög, sem börnin þeirra æfa hjá, setji sér reglur um notkun tóbaks á æfingartíma og íþróttavíðburðum, og má benda á í því sambandi að ÍSÍ hefur ályktað mjög eindregið gegn allri tóbaksnotkun í hvaða formi sem hún er, innan starfssemi sambandsins.

Í ljósi þess að börn og unglingar byrji oftast að nota munntóbak

þeirra sem eldri eru og taka oft upp óæskilega hegðun á borð við tóbaksnotkun ef fyrirmyndirnar nota tóbak.

Æskilegt er að íþróttafélög marki sér stefnu í tóbaksvörnum til að stuðla enn frekar að heilbrigðum lífsstíl íþróttafólks með því að ganga fram með góðu fordæmi.

Aðstoð við að hætta munntóbaksnotkun

Ráðgjöf í reykbindindi 800-6030 er símaþjónusta fyrir fólk sem vill hætta tóbaksnotkun, hvort sem það er reyktóbak eða reyklaust. Við þjónustuna starfa hjúkrunarfræðingar með sérþekkingu í tóbaksmeðferð. Lýðheilsustöð gaf nýverið út leiðbeiningar fyrir þá sem vilja hætta munntóbaksnotkun, hægt er að panta bæklinginn sér að kostnaðarlausu hjá Landlækniseimbættinu.

RE/MAX
Lind

TOPP ÞJÓNUSTA ER OKKAR FAG

Láttu okkur selja fyrir þig

Gunnar Valsson
gv@remax.is

Þórarinn Jónsson
Löggiltur
fasteignasali

Hringdu núna 699 3702

kostnaðaráætlun

frumkvæði

árangursmát

markaðssetning

nýnæmismat

framkvæmdaáætlun

verkefnis lýsing

ÁTAK TIL
ATVINNSKÖPUNAR

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Iðnaðarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar*.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Í umsókn þarf að koma fram

- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu eða markaðsstarf

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið johanna@nmi.is.

Umsóknarfrestur er til og með **22. september 2011**. Umsækjendur eru hvattir til að biðja ekki til síðasta dags með að sækja um til að forðast tafir vegna álags á umsóknarkerfi.



Til umhugsunar fyrir launamenn

Verkalýðsmál

Hjalti Tómasson
félagsmaður í Bírinni



Kæri launþegi. Mig langar að vekja athygli á máli sem snertir ansi stóran hóp launþega innan Starfsgreinasambands Íslands, nánar til tekið um 50.000 manns, þar á meðal á félagssvæði þíns verkalýðsfélags sem er innan Starfsgreinasambandsins. Þar með erum við að tala um þinn pening, þín stéttarfélagsgjöld. Af þeim rennur hluti til Starfsgreinasambandsins og á hluta þess fjár hefur ekki verið staðið skil á.

Framkvæmdastjóra sambandsins hefur verið sagt upp störfum vegna trúnaðarbrests. Um er að ræða grun um umboðssvik og fjárdrátt.

Fyrir liggur skýrsla frá óháðum endurskoðunaraðila um fjárreiður sambandsins fyrir árið 2010 þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við meðferð framkvæmdastjóra á fjármunum sambandsins í eigin þágu. Þessi skýrsla er studd álitni hæstaréttarlögmans.

Þann 26 maí sl. samþykkti framkvæmdastjórn sambandsins að segja framkvæmdastjóra upp störfum, semja við hann um starfslokasamning og láta málið niður falla að öðru leyti.

Hópur félagsmanna úr Starfsgreinasambandinu á erfitt með að sætta sig við þessa afgreiðslu málsins og telur framkvæmdastjórn hafa tekið ranga ákvörðun í þessu máli.

Við höfum birt opið bréf til

framkvæmdastjórnarmeðlima. Nokkrir hafa svarað á heimasíðu félaga sinna en við erum enn að biðja eftir svörum frá öðrum.

Hópurinn telur að rannsaka eigi málið frekar og fá á hreint hvort hér er um saknæmt athæfi að ræða. Það þarf þá ræða og að lagfæra og það á að gerast fyrir opnum tjöldum.

Þetta mál þarf að ræða innan verkalýðshreyfingarinnar ásamt fleiru sem betur má fara í starfi okkar. Markmið hreyfingarinnar á að vera það eitt að vera félagsmönnum sínum vörn í baráttunni fyrir að halda fengnum hlut og sóknartæki fyrir betri kjörum. Það er ljóst að verkalýðshreyfingin nýtur ekki mikils trausts nú um þessar mundir og við þurfum að endurvinna þetta traust til að geta gegnt hlutverki okkar. Afgreiðsla þessa máls er miður gott innlegg í þá vinnu.

Þessi hópur, sem er víðs vegar að af landinu, telur að verkalýðshreyfingin eigi að vera í fararbroddi fyrir breyttum vinnubrögðum í stjórnsýslu á Íslandi því það virðist nokkuð sama hvað fer úrskeiðis hér á landi, reikningurinn er sendur launþegum en enginn tekur ábyrgð á einu eða neinu. Vinnubrögð sem einkennast af leyndarhyggju og feluleik eiga ekki heima í verkalýðshreyfingunni. Af þeim vinnubrögðum fáum við nóg annars staðar.

Við hvetjum launamenn innan starfsgreinasambands Íslands til að kynna sér þetta mál og krefja forystumenn sína svara um hvort þetta séu leikreglur sem við viljum við hafa í okkar samtökum.

SHIFT_the way you move



(Ó)VENJULEGA TÝPAN



NISSAN JUKE

Viltu eiga alveg eins bíl og nágranninn? Finnst þér gaman að villast á bílum á bílastæðinu í Kringlunni? Hélt ekki. Juke fer sínar eigin leiðir, hinir elta hjörðina.

www.nissan.is

Sjálfskiptur

5 dyra

1600 cc

Meðaleyðsla 6,3 l/100 km

Verð **3.990 þús. kr.**





EIRÍKUR JÓNSSON er 59 ára í dag.

„Hvað er skemmtilegra en að takast á við lífið?“



ÚTHLUTUN Á HÓTEL HOLTI Yrsa Þöll er á miðri mynd. Með henni eru Yngvi Pétursson, Stefán Friðfinnsson, Lilja Dögg Jónsdóttir og Steinunn Einarssdóttir.

Nýtt sjónarhorn á rótgróin fræði

Yrsa Þöll Gylfadóttir hlaut nýlega 500.000 króna styrk úr Hrafnkelssjóði til doktorsnáms í almennri bókmenntafræði við Sorbonne-háskóla í París og Háskóla Íslands. Þar hyggst hún sérhæfa sig í frönskum 19. aldar bókmenntum og velta upp nýstárlegu sjónarhorni á rótgróin fræði. Hún hefur áður lokið BA í bókmenntafræði frá Sorbonne og MA í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands.

Hrafnkelssjóður var stofnaður árið 1930 í minningu Hrafnkels Einarssonar, sem fæddist 13. ágúst 1905. Hrafnkell lauk námi í hagfræði frá Háskólanum í Víðarborg og var að undirbúa doktorsverkefni sitt um fiskveiðar á Íslandi og útflutning fiskafurða er hann lést í nóvember 1927. Foreldrar hans stofnuðu sjóðinn í minningu hans. Þetta var fimmta úthlutunin úr honum, sú fyrsta var árið 2005. Skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum er að umsækjandi hafi tekið íslenskt stúdentspróf og sé á leið í nám erlendis, annað hvort á meistarastigi eða til doktorsgráðu.

Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður sjóðsstjórnar, afhenti Yrsa Þöll styrkinn.



Systir okkar,

Jóhanna Hrafnfjörð

ljósmóðir,
Ásvallagötu 25, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 23. ágúst kl. 15.00.

Hrefna Hrafnfjörð, Kristín Hrafnfjörð.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Björn Baldvin

Höskuldsson

byggingarverkfræðingur,
Álfaskeiði 73, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 16. ágúst. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Sigrún Arnórsdóttir,

Höskuldur Björnsson, Auður Þóra Árnadóttir,

Arnór Björnsson, Bára Jóhannsdóttir,

Baldvin Björnsson, Helga Rúna Þorleifsdóttir,

Þórdís Ragnhildur Björnsdóttir, Michael Teichmann

og barnabörn.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

PETTA GERÐIST: 22. ÁGÚST ÁRIÐ 1911

Hvarf Monu Lisu uppgötvað

Þennan dag árið 1911 komust starfsmenn Louvre-safnsins í París að því að málverkinu Monu Lisu eftir Leonardo da Vinci hafði verið stolið. Louvre-safninu var lokað í heila viku í kjölfar þjófnaðarins meðan rannsókn málsins stóð yfir.


Franska ljóðskáldið Guillaume Apollinaire, sem hafði eitt sinn viljað brenna Louvre-safnið, var fljótlega grunað um þjófnaðinn og var handtekið. Apollinaire benti hins vegar á

vin sinn Pablo Picasso, sem var einnig yfirheyrður. Báðum var síðar sleppt.

Málverkið var talið týnt að eilífu og fannst hinn raunverulegi þjófur ekki fyrir en tveimur árum síðar. Það var starfsmaður Louvre-safnsins, Vincenzo Peruggia, sem stal verkinu á opnunartíma safnsins og faldi það í kústaskáp. Eftir lokun gekk hann síðan með Monu Lisu út úr safninu faldra undir frakkanum sínum.

Peruggia var ítalskur föðurlandsvinur sem taldi að verki da Vincis skyldi skilað til Ítalíu og vera á safni í heimalandi listamannsins. Eftir að hafa geymt verkið í íbúð sinni í tvö ár varð Peruggia óþolinmóður og var að lokum gripinn þegar hann reyndi að selja það í listagallerí í Flórens. Monu Lisu var í kjölfarið skilað til Louvre-safnsins í París og er þar enn.

Þjófum var hampað fyrir



föðurlandsástina á Ítalíu og sat í örfáa mánuði í fangelsi. Mörgum þótt verknaðurinn hins vegar dauðasök.

KLETTASKÓLI, NÝR SÉRSKÓLI Í REYKJAVÍK: VERÐUR SETTUR Í PERLUNNI Í DAG

Besta fagfólkið á einum stað

Klettaskóli, nýr sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun, verður settur í Perlunni í dag. Klettaskóli varð til við sameiningu tveggja sérskóla, Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla, og er til húsa í Sudurhlíð 9, þar sem áður var húsnæði Öskjuhlíðarskóla.

„Við hlökkum mikið til að hitta allan hópinn í dag og spennandi að sjá hvernig nemendahópurinn spilar saman,“ segir Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri hins nýja Klettaskóla, en hún var áður skólastjóri Safamýrarskóla.

„Stemningin er góð hjá starfsfólki, nemendum og foreldrum, og mín tilfinning að allir ætli að leggja sig fram um að gera vel og jafnvel enn betur en áður. Því ríkir mikil tilhlökkun meðal okkar að skapa Klettaskóla sitt eigið skólustarf, hefðir og skólabrag,“ segir Erla.

Í skólann setjast nú 94 nemendur. Flestir stunduðu áður nám í Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla en einnig byrja tíu nýnemar í fyrsta bekk og níu nemendur úr öðrum grunnskólum Reykjavíkur.

„Nemendahópurinn hefur nú meiri breidd og til að mæta þörfum barna með mikla og samsetta fötlun hafa verið gerðar miklar breytingar á húsnæði skólans. Húsið er komið til ára sinna en er nú orðið nútímalegra með nýjum matsal, örvunarstofu og aðsetri sjúkrahjálfa. Þá hefur kennslustofukjarninn breyst til mikils batnaðar og aðgengi verið stórlega bætt fyrir börn í hjólastólum,“ segir Erla, og endurbótum verður haldið áfram.

Meginuppistaða í starfsmannahópi Klettaskóla eru starfsmenn sem störfuðu við Safamýrar- og Öskjuhlíðar-



FYRSTI SKÓLADAGURINN Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Klettaskóla, þar sem unnið var fram á síðustu stundu við að ljúka breytingum á húsinu. Hún segist hafa fyllt gleði yfir kappi, metnaði og krafti starfsfólks síns þegar enn virtist langt í land með óunnin verk innanhúss og það hafi eflist við hverja raun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skóla skólaárið 2010-2011. Aðstoðarskólastjóri er Guðrún Gunnarsdóttir.

„Í nýjum skóla er börnunum dýrmætt að hitta aftur sína gömlu kennara og stuðningsfulltrúa. Starfsmannahópurinn er afar sterkur faglega og með mikla reynslu. Samstarf er mikið og í skólanum bakstar enginn við neitt einn því mjög sterk hefð var fyrir samstarfi í báðum skólum áður,“ segir Erla.

Hún segir kosti og galla fylgja stærri nemendahópi í sameinuðum sérskólum.

„Aðstaðan í Safamýrarskóla var að

sumu leyti betri, því þar var góður salur og sundlaug, sem skortir hér í Klettaskóla. Nemendur fá vitaskuld áfram kennslu í sundi og íþróttum en við viljum gjarnan að tími barna sé betur nýttur en að keyra þau út og suður í sundlaugar bæjarins. Því er næsta mál á dagskrá að fá sundlaug á lóðina. Kosturinn er síðan ótvírætt sá að í Klettaskóla höfum við sameinað besta fagfólk landsins á sviði sérkennslu á einum stað,“ segir Erla, himinglöd við nýtt upphaf á stórum degi.

thordis@frettabladid.is

Aldarminning – Erlingur Þorsteinsson

Erlingur Þorsteinsson, fyrrverandi yfirlæknir (1911-2007), hefði orðið hundrað ára 19. ágúst 2011. Erlingur var sonur Hjónanna Guðrúnar Jónsdóttur Erlings og Þorsteins Erlingssonar skálds. Hann var giftur Þórdísi Toddu Guðmundsdóttur skurðstofuhjúkrunarfræðingi. Þau eignuðust tvö börn og eitt átti hann frá fyrra sambandi. Barnabörn Erlings eru sex.

Erlingur var aðeins þriggja ára þegar faðir hans dó. Þorsteinn skírði piltinn sjálfur og orti til hans skírnamein.

Fyrsta erindið hljóðar svo:


Nú var sú gersemi að vöggenni rjett með vonum og minningum sínum, sem gott væri að fengi ekki brest eða blett

í blessuðum lófunum þínum; sú gjöf á að vera svo vegleg hjá þjer og vera eins og skartgripur hvar sem hún fer.

Skírnameinurinn endar á þessum ljóðlínunum:

Hann faðir þinn leiðir þig líklega skamt, en lánist sá arfur þá stendurðu samt.

Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík hóf Erlingur



nám í HÍ í læknadeild haustið 1931. Erlingur útskrifaðist sem læknir 1937 með fyrstu einkunn. Í framhaldi lærði hann háls-, nef- og eyrnalækningar í Nyköping á eyjunni Mors á Jótlandi.

Þegar heim setti hann upp lækningastofu að Sóleyjargötu 5. Erlingur og aðstoðarstúlka hans mældu heyrn hjá sjúklingum, enda eignaðist Erlingur heyrnarmæli fyrstur lækna hér á landi.

Haustið 1960 fór hann til Bandaríkjanna að kynna sér nýjustu heyrnarbætandi aðgerðir. Það sem hann ætlaði fyrst og fremst að læra voru aðgerðir við eyrnakölkun, otosclerosis, til að geta framkvæmt slíkar aðgerðir á Íslandi.

Hann innréttaði lækningastofu að Miklubraut 50 og hafði þar sérstaka aðgerðastofu ásamt aðstöðu til heyrnarmælinga. Árangur aðgerðanna var framfar öllum vonum og var hann útlistaður í Læknablaðinu 1972.

Á meðan Erlingur var í Bandaríkjunum kynnti hann sér starfsemi nokkurra heyrnarstöðva. Hann reyndi að kynna sér eftir meitti mælitæki og annan búnað sem tíðkaðist við heyrnarannsóknir, einkum barna. Erlingur leitaði að stað fyrir heyrnarmælingar og var hann í sambandi við Heilsumverndarstöð Reykjavíkur.

Hinn 3. nóvember 1962 var fyrsta heyrnarstöð á Íslandi formlega opnuð þar. Næsta áratug hafði starfsemi margfaldast. 1980 var Heyrnar- og talmeinastöð Íslands opnuð formlega og var Erlingur yfirlæknir stöðvarinnar.

Að undirlagi Erlings var fyrsta háls-, nef- og eyrnadeild á Íslandi tekin formlega í notkun á Borgarspítalanum árið 1970.

Forseti Íslands sá Erling riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar árið 1976 fyrir læknisstörf. Hann var formaður Félags háls-, nef og eyrnalækna um árabil og var hann kosinn heiðursfélagi félagsins hinn 12. október 2001 vegna brautryðjenda starfs á sviði lækninga og félagsmála.



Afskorin blóm eru hin mesta prýði en þó fljót að láta á sjá. Til að lengja lífdaga þeirra má skera bestu toppana af og setja í lítið glas eða fallega skál. Þannig má njóta fegurðarinnar og anganinnar örlítið lengur.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvogur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

Hulda Hlín Magnúsdóttir heiðrar æskuheimilið sitt á Tjarnargötu 40 með því að halda þar sýningu.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ættarsvipum bregður fyrir á æskuheimilinu

Þetta er svona heima-hússýning í stofunni hjá mömmu og pabba sem eru erlendis. Þau gáfu samt góðfúslegt leyfi,“ segir Hulda Hlín Magnúsdóttir listmálari, sem er með listsýningu á æskuheimili sínu að Tjarnargötu 40 í Reykjavík ásamt Katrínu Þorvaldsdóttur brúðumeistara,

sem um tíma bjó einnig í húsínu. Hulda Hlín er með málverk og kirtarteikningar og segir þar bregða fyrir ýmsum ættarsvipum, enda tengist húsið ættinni sterkt því afi hennar og langafi hafi líka átt þar heima. Myndirnar eiga samtál við grímur Katrínar, upplýstar í myrkvaðri stofunni. „Þetta verður eins og

að koma inn í kirkju eða leikhús. Svolítið dramatísk stemning,“ segir listakonan, sem er með heimasíðuna www.hulda-hlin.com

Sýningin heitir Persóna og var opnuð á Menningarnótt en verður opin daglega frá fimm til sjö fram á sunnudaginn 28. ágúst.

gun@frettabladid.is

Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERIÐ
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarngler.is

SUMARTILBOÐ

70% afsláttur af þífu pílsum á rúm

Er til rykk og slétt, í mörgum litum og stærðum.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



BOAS SVEFNSÓFI
Tilboð 127.425,-



Stóri stuðningspúðinn kominn aftur
19.900

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



Gott skipulag í barnaherbergi gerir það að verkum að börnin una sér betur. Ef þau geta gengið að böngsum í einum kassa, bílum í öðrum og kubbum í þeim þriðja eru meiri líkur á að þau sæki í að leika í eigin herbergi. Þau kynnast um leið kostum þess að hafa hlutina í röð og reglu.

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KÚTAR
 Amerísk gæða framleiðsla
 30-450 lítrar


Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
 SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR
 Meiri Vísir.



Ingibjörg rakúbrennir mörg verka sinna í gasofni í kofa á Eyrarbakka.



Ingibjörg hannar bæði skúlptúra og nytjahluti á borð við lampa, sem hafa verið mjög vinsælir.

Sjarmerandi við sjóinn

Ingibjörg Klemensdóttir leirlistamaður rekur Gallerí Dingu í notalegu húsnæði við gömlu höfnina í Geirsgötu. Þar er hún bæði með vinnustofu og gallerí þar sem hún selur verk sín af margvíslegum toga.

„Ég byrjaði seint í skóla, orðin 36 ára, en útskrifaðist með BA-gráðu frá leirlistadeild Listháskóla Íslands árið 2000,“ segir Ingibjörg Klemensdóttir leirlistamaður. Listaáhugi hennar hefur þó fylgt henni í langan tíma. „Ég sótti leirnámskeið hjá Steinunni Marteins, var í Myndlistaskóla Kópavogs og lærði teikningu og málun í mörg ár,“ upplýsir Ingibjörg, sem var því komin með allgóðan grunn þegar hún skellti sér loks í Listháskólann.

Eftir útskrift var hún með vinnustofu heima. Í maí í fyrra var komið að þáttaskilum. Þá flutti hún verkstæði sitt niður á Geirsgötu þar sem hún er nú bæði með vinnustofu og gallerí undir nafninu Gallerí Dunga.

Ingibjörg vinnur mikið með postulín sem henni þykir mjúkt og yndislegt efni en einnig vinnur hún með gler.

„Þá hef ég einnig verið að raku-brenna töluvert, en það geri ég í gasofni í skúr á Eyrarbakka,“ segir hún glæðlega.

Urvalið í munum Ingibjargar er mikið, allt frá skúlptúrum af kvenlíkamanum til nytjahluta á borð við skálar og lampa. Ferðamenn

finnst þeir vera komnir inn í íslenska náttúru.“ Í Gallerí Dingu eru þó ekki aðeins munir Ingibjargar heldur einnig munir og fatnaður eftir aðra hönnuði.

Ingibjörg segir góðan anda ríkja í gömlu verbúðunum við höfnina. „Tengslin við sjóinn gerir hverfið svo sjarmerandi. Gömlu karlarnir sem voru með verbúðirnar hér áður eru með annan fótinn hérna hjá okkur, sem lífgar upp á tilveruna,“ segir hún og telur gott samstarf vera milli nágrannanna í grænu húsunum. „Við erum öll samstíga um að byggja upp hverfið og gera það að sjarmerandi hverfi í jaðri borgarinnar enda minnir andinn hér svolítið á Nyhöfn í Kaupmannahöfn,“ segir Ingibjörg glæðlega.



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

ÚTSALA

Eikar plankaparket
 kr 4.990 m²

Þúsundir fermetra
 af flísum með
 20 -70% afslætti

Allar baðherbergisvörur
 25% afsláttur



ALFABORG

Skútuvoði 6 • Sími 568 6755

LANDMARK

FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

Pú hringir - við seljum

512 4900

Kíktu inn á www.landmark.is!



Magnús Einarsson
löggtur fasteignasali
sími 897 8266



Þórarinn Thorarensen
sölufulltrúi
sími 770 0309



Sigurður Samúelsson
löggtur fasteignasali
sími 896 2312



Gunnar Valsson
sölustjóri
sími 699 3702



Sveinn Eyland
löggtur fasteignasali
sími 690 0820



Kristberg Snjólfsón
sölufulltrúi
sími 892 1931



Friðbert Bragason
sölufulltrúi
sími 820 6022



Eggert Mariúson
sölufulltrúi
sími 690 1472



Sigrún Hákonardóttir
ritari
sími 512 4900

20% afsláttur af sölupóknun ef þú skráir eignina þína í sölu hjá okkur fyrir 31. ágúst 2011.



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft



Tvöfaldur bílskúr og garðskáli

Fasteignasalan Torg hefur til sölu einbýlishús í Smárarima.

Húsið er fimm herbergja einbýlishús með innbyggðum tvöföldum bílskúr og garðskála. Garðurinn er sérhannaður og húsið stendur innst í botnlanga.

Þrjú svefnherbergi eru í húsinu, tvö rúmgóð barnaherbergi með mikilli lofthæð og hjónaherbergi, en inni af því er fataherbergi.

Í rúmgóðu alrými mætast sjónvarpshol, stór stofa með arni, borðstofa og eldhús. Allar innréttingar og hurðir eru úr kirsuberjavið. Olíuborið Ibero-parkett á gólfum.

Þvottahús er með nýlegri innréttingu og baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf.

Eldhús er rúmgott með fallettri kirsuberjainnréttingu, borðplata úr svörtum steini. Eyja með eldunaraðstöðu, tvær gashellur og tvær keramikhellur, borðplata úr svörtum steini. Stálháfur er yfir eyju.

Stofan er björt og rúmgóð með fallettum steypum arni með kopar og gráum steini hönnuðum af Loga Eldon.

Bílskúr er með tveimur hurðum, hiti er í bílplani ásamt stétt upp að húsi.

Þetta er eign á besta stað í Rimahverfi, með einstaklega fallettum lokuðum grónum garði sem hannaður er af Stanislaw Bohic. Stutt er í alla þjónustu ásamt leik- og grunnskóla sem er í göngufæri.



heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari.



Tryggvi Kornelíusson
sölufulltrúi

530 6500

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17



Mariubaugur - Sölusýning á morgun
Bjart og vel hannað 195 fm hús með innbyggðum 36 fm bílskúr. 4 góð svefnherbergi, verönd, afgirtur garður, hellulagt bílplani. V. 49,5 m. Húsið verður til sýnis þriðjudaginn 23. frá kl 17:30-18.



Réttarheiði - Hveragerði.
Mjög fallett og vel viðhaldið 89,9 fm parhús á einni hæð ásamt 28,6 fm bílskúr. Fallettur garður í mikilli rækt. Stór ca 70 fm timburpallur með heitum potti. V 27,7 **OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL 18-19.**



Þorláksgæisli - 250 fm íbúð
Vönduð 6 herbergja íbúð með tveimur bílskúrum. 5 stór svefnherbergi, tvö baðh., tvennar svalir og bjartar stofur. Vandaðar innréttingar og gólfefni ásamt lýsingu og tækjum **OPIÐ HÚS Á MORGUN, ÞRIÐJUDAG, FRÁ KL 12.30 - 13.**



Andrésbrunnur - 3ja herb
Góð vandlega innréttuð 95 fm íbúð í lyftuhúsi og meðfylgandi stæði í lokuðu 3ja bíla bílskylí. Laus til afhendingar.



Rauðagerði - aukaíbúð
Gott 230 fm einbýli með 2ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Nýlegt eldhús og baðherbergi. Stórar suðursvalir og fallettur garður. V. 52 m



Draumahæð - Endaraðhús.
Gott endaraðhús á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Suðursvalir, verönd og góður bakgarður. V. 49,0 m.



Kleppsvegur - útsýnisíbúð á efstu hæð.
Mjög fallett 38,9 fm stúdíóíbúð á 8 hæð (efstu) í góðu lyftuhúsi. Stórglæsilegt útsýni. V 12,9 m.



Mariubaugur - sérhæð
Vönduð 120 fm jarðhæð með afgirtri verönd í suðurgarði. 3 góð svefnherbergi. Góðar innréttingar og gólfefni. V. 27,9 m



Leikkonurnar Jennifer Lopez og Cameron Diaz fara báðar með hlutverk í kvikmyndinni What to Expect When You're Expecting og að sögn heimildarmanna andar köldu á milli leikkvennanna.

„Þeim líkar ekki við hvor aðra og reyna að halda sig fjarri, en maður finnur vel fyrir þeirri spennu sem ríkir á milli þeirra,“ var haft eftir innanbúðarmanni, sem segir stærð föruneysis Lopez fara í taugarnar á Diaz. Móðir Lopez er með henni í för auk þriggja aðstoðarmannskja, förðunarfræðings, hárgreiðslukonu og umboðsmanns og þykir Diaz víst nóg um.

Diaz mun heldur ekki þykja

mikið til leiklistarhæfileika Lopez koma. „Hún sagði að Jennifer ætti margt eftir ólært og að hún ætti heldur að halda sig við sönginn og dómara-starfið í American Idol. Jennifer virðist þó vera alveg sama um Cameron, hún talar ekki um hana eða við hana heldur lætur eins og hún sé ekki til.“



ÓSÁTTAR Jennifer Lopez og Cameron Diaz eru ekki miklar vinkonur og tala lítið saman á tókustað kvikmyndarinnar What to Expect When You're Expecting.

LYFJA - Lífið heil

Voltaren Dolo 12,5 mg Diclofenac. kal.

Verkjastillandi - Hitaleikkandi

Lægra verð í Lyfju

Voltaren dolo 12,5 mg 15% verðlækkun. 20 stk. Áður: 399 kr. Nú: 339 kr.

Gildir út ágúst.

BÍÓ PARADÍS

MÁNUDAGUR: ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■ MARY & MAX 18:00 ■ HOWL 22:00 ■ MONSTERS 22:00 ■ SKRAPP ÚT (BACK SOON) 18:00 ■ BJÓLFESKVIÐA (BEOWULF AND GRENDEL) 20:00 ■ VEBRAMÓT (THE QUIET STORM) 22:00

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDA-MIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

ISLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES

SÖNGSKÓLI

Mariu Bjarkar

Skráning í fullum gangi fyrir haustönn

Sími: 588 1111 • www.songskolimariu.is



Friðrik Dór kemur sem gestakennari í vetur

- Námskeið fyrir alla aldurshópa börn-unglingar-fullorðnir.
- Myndir og myndbönd af kennurum syngja.
- Allar nánari upplýsingar á www.songskolimariu.is

Ágústa



Emilía



Sessý



Guðbjörg



Sara



Ína



Guðrún Árný



Skráning og upplýsingar: Sími: 588 1111 & 897 7922 • Fákafeni 11 • www.songskolimariu.is • songskolimariu@songskolimariu.is



EDIN DZEKO Hefur skorað í þremur fyrstu leikjum Manchester City á þessu tímabili.

NORDICPHOTOS/AFP

Arsenal hefur enn ekki skorað í ensku úrvalsdeildinni eftir 0-2 tap fyrir Liverpool:

Man. City og Wolves bæði með fullt hús

FÓTBOLTI Manchester City og Wolves eru með sex stig á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir sigra í gær en Manchester United getur bæst í hópinn vinni liðið Tottenham í kvöld.

Manchester City vann 3-2 útisigur á Bolton, en bæði liðin unnu 4-0 sigra í fyrstu umferðinni. David Silva átti frábæran leik og kom City í 1-0 á 26. mínútu með skoti sem fór hreinlega í gegnum Jussi Jääskelainen í marki Bolton. Gareth Barry og Edin Dzeko skoruðu hin mörkin en Ivan Klasnic og Kevin Davies minnkuðu muninn fyrir Bolton.

Roberto Mancini, stjóri Manchester

City, sagðist vera feginn að sleppa heim með öll þrjú stig. „Ég gat ekki trúað því að við ynum bara 3-2 því við fengum svo mörg færi. Ef við ætlum að eiga gott tímabil þurfum við að skora fimmtán mörkum meira en í fyrra og fá líka á okkur færri mörk,“ sagði Mancini eftir leikinn.

Wolves hefur ekki byrjað betur síðan 1979 eftir að liðið fylgdi á eftir sigri á Blackburn um síðustu helgi með því að vinna 2-0 sigur á Fulham í gær. Kevin Doyle og Matt Jarvis skoruðu mörkin á lokamínútu fyrri hálfleiks. „Við græddum á því að þeir spiluðu á fimmtudaginn og við hrein-

lega yfirspiluðum þá,“ sagði Mick McCarthy, þjálfari Wolves.

Liverpool vann fyrsta sigur sinn frá upphafi á Emirates-leikvanginum þegar liðið vann 2-0 sigur á Arsenal í stórleiknum á laugardaginn. Luis Suarez kom inn á sem varamaður hjá Liverpool eftir að Arsenal-maðurinn Emmanuel Frimpong var rekinn út af og átti Úrúgvæinn mikinn þátt í báðum mörkum liðsins. „Við erum sterkari en við vorum í fyrra,“ sagði Kenny Dalglish, stjóri Liverpool. 42 ár eru liðin síðan Arsenal var síðast markalaust í fyrstu tveimur leikjunum.

- 66j

ÚRSLITIN

Enska úrvalsdeildin

Sunderland - Newcastle	0-1
0-1 Ryan Taylor (62.)	
Arsenal - Liverpool	0-2
0-1 Sjálfsmark (78.), 0-2 Luis Suárez (90.)	
Aston Villa - Blackburn	3-1
1-0 Gabriel Agbonlahor (12.), 2-0 Emile Heskey (25.), 2-1 Morten Gamst Pedersen (51.), 3-1 Darren Bent (67.)	
Everton - Queens Park Rangers	0-1
0-1 Tommy Smith (51.)	
Swansea - Wigan	0-0
Chelsea - West Bromwich	2-1
0-1 Shane Long (4.), 1-1 Nicolas Anelka (53.), 2-1 Florent Malouda (83.)	
Norwich - Stoke	1-1
1-0 Ritchie De Laet (37.), 1-1 Kenwyne Jones (90.+4)	
Wolves - Fulham	2-0
1-0 Kevin Doyle (42.), 2-0 Matthew Jarvis (40.+1)	
Bolton - Manchester City	2-3
0-1 David Silva (26.), 0-2 Gareth Barry (38.), 1-2 Ivan Klasnic (39.), 1-3 Edin Dzeko (47.), 2-3 Kevin Davies (63.)	
STADAN	
Man. City	2 2 0 0 7-2 6
Wolves	2 2 0 0 4-1 6
Aston Villa	2 1 1 0 3-1 4
Liverpool	2 1 1 0 3-1 4
Chelsea	2 1 1 0 2-1 4
Newcastle	2 1 1 0 1-0 4
Bolton	2 1 0 1 6-3 3
Man. United	1 1 0 0 2-1 3
QPR	2 1 0 1 1-4 3
Norwich	2 0 2 0 2-2 2
Stoke	2 0 2 0 1-1 2
Wigan	2 0 2 0 1-1 2
Sunderland	2 0 1 1 1-2 1
Arsenal	2 0 1 1 0-2 1
Fulham	2 0 1 1 0-2 1
Swansea	2 0 1 1 0-4 1
Tottenham	0 0 0 0 0-0 0
Everton	1 0 0 1 0-1 0
West Brom	2 0 0 2 2-4 0
Blackburn	2 0 0 2 2-5 0

1. deild karla í fótbolta

HK - BÍ/Bolungarvík	3-0
1-0 Eypór Helgi Birgisson, víti (41.), 2-0 Eypór (75.), 3-0 Stefán Jóhann Eggertsson (90.)	
Gróttu - Fjölnir	0-2
0-1 Aron Sigurðarson, 0-2 Illugi Þór Gunnarsson.	
STADAN	
ÍA	18 14 2 2 44-11 44
Selfoss	18 11 2 5 33-16 35
Haukar	18 8 5 5 23-17 29
Víkingur Ó.	18 8 4 6 28-20 28
BÍ/Bolungarvík	18 8 4 6 22-28 28
Fjölnir	17 7 6 4 26-25 27
Próttur R.	18 8 2 8 22-35 26
KA	17 6 2 9 22-29 20
Gróttu	18 4 7 7 14-22 19
ÍR	18 5 4 9 22-32 19
Leiknir R.	18 3 4 11 23-27 13
HK	18 1 6 11 17-34 9

Veigar Páll Gunnarsson: Fyrsta markið fyrir Vålerenga

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson var maðurinn á bak við 2-0 útisigur Vålerenga á Sarpsborg 08 í norsku deildinni um helgina.

Veigar Páll skoraði sitt fyrsta mark fyrir Vålerenga á 57.mínútu leiksins en hann hafði áður lagt upp mark fyrir André Muri. Þetta var þriðji leikur Veigars Páls fyrir Vålerenga síðan félagið keypti hann frá Sta-bæk en hann var búinn að skora níu mörk fyrir Stabæk og er því í hópi markahæstu manna.



- 66j



PILATES fitness

Pilates fitness

Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna í 28°C heitum sal.

Pilates fitness sameinar líkama og sál í áhrifaríkri þjálfun sem stuðlar að því að styrkja alla helstu vöðva líkamans án þess að stækka vöðva. Pilates fitness er hin fullkomna blanda af styrktaræfingum, liðleikaæfingum og hreyfingu.

Þú getur bókstaflega endurmótað líkama þinn á glæsilegan hátt. Þú lærir að losa um streitu, verki og stífleika og beita líkama þínum á réttan hátt með krefjandi og vel uppbyggðum æfingum.

Konur og karlar á öllum aldri, íþróttafólk jafnt sem kyrrsetufólk, geta haft mikið gagn og verulegan ávinning af hinum mörgu uppbyggilegu þáttum Pilates fitness æfingakerfisins. Leiðbeinandi: Helga Lind Björgvinsdóttir.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

Skráðu þig núna í vefverslun Hreyfingar eða í síma 414 4000

Fáðu fría uppskriftabók!

Farðu á www.hreyfing.is/betrikostur og náðu í fría uppskriftabók með léttum kjúklingaréttum.





KOLBEINN SIGÞÓRSSON Fagnar hér marki fyrir Ajax. NORDICPHOTOS/GETTY

Kolbeinn Sigþórsson hjá Ajax: **Bjargaði stigi**

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson tryggði Ajax 2-2 jafntefli á útivelli á móti VVV-Venlo í hollensku úrvalsdeildinni í gær. Ajax hafði unnið tvo fyrstu leiki sína á tímabilinu en lenti 0-2 undir í fyrri hálfleik.

Theo Janssen minnkaði muninn fyrir Ajax á 68. mínútu og mínútu síðar skoraði Kolbeinn þegar hann afgreiddi boltann í markið af harðfyllni. Kolbeinn hefur því skorað tvö mörk í fyrstu þremur umferðunum og komið að marki í öllum þremur leikjunum. - 66j



HILDUR ANTONSDÓTTIR Sést hér lengst til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hildur Antonsdóttir hjá Val: **Fyrst meistari í móðurkviði**

FÓTBOLTI Hildur Antonsdóttir var í minnihluta í Valsliðinu á laugardaginn enda ein af fáum sem voru að fagna sínum fyrsta bikarmeistaratitli.

Hildur, sem verður ekki sextán ára fyrr en í næsta mánuði, hefur þó óbeint orðið bikarmeistari áður. Móðir hennar, Ragheiður Víkingsdóttir, stýrði Valsliðinu nefnilega til sigurs í bikarnum haustið 1995 þegar hún var komin átta mánuði á leið með Hildi.

Ragnheiður varð alls átta sinnum bikarmeistari, sex sinnum sem leikmaður og tvisvar sem þjálfari (1995 og 2001). - 66j

BIKARDROTTNINGIN Í VALSLIÐINU

Valskonur urðu bikarmeistarar þriðja árið í röð eftir 2-0 sigur á KR í úrslitaleik á laugardaginn. Embla Sigríður Grétarsdóttir hefur þar með orðið bikarmeistari fimm ár í röð og hún jafnaði líka met Guðrúnar Sæmundsdóttur með því að vinna bikarinn í sjöunda skiptið á ferlinum.

FÓTBOLTI Valskonur héldu sigurgöngu sinni áfram í bikarkeppninni um helgina með því að vinna öruggan 2-0 sigur á KR í úrslitaleik Valitor-bikarsins á Laugardalsvelli. Valsliðið var þarna að vinna ellefta bikarleikinn í röð og fór því með bikarinn heim á Hlíðarenda þriðja árið í röð.

Fyrir nokkrum árum gekk Valsliðinu oft illa að landa þessum titli þrátt fyrir nokkra yfirburði á Íslandsmótinu en nú er raunin önnur og bikarinn á eflaust orðið fastan stað í bikarskápnum á Hlíðarenda.

Reynsluboltarnir Raket Logadóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir sáu um að skora mörkin en sú síðarnefnda hefði auðveldlega getað skorað fernu í þessum leik.

Kristín Ýr var því orðin langeygð eftir marki þegar glæsilegur skalli hennar þandi netmöskvana í seinni hálfleik, en það mark gerði nánast út um leikinn. „Við duttum aðeins niður í smá stress en við erum með reynsluna á bak við okkur og það vann með okkur í dag,“ sagði Raket Logadóttir eftir leikinn, en hún var ein af þeim í Valsliðinu sem voru að vinna bikarinn í fimmta sinn. Laufey Ólafsdóttir er líka í þeim hópi en Laufey átti mjög góðan leik á miðju Valsliðsins í gær.

Bikardrottningin í Valsliðinu er hins vegar Hornfirðingurinn Embla Sigríður Grétarsdóttir, sem varð bikarmeistari fimmta árið í röð og alls í sjöunda sinn á sínum ferli. Með þessum sjöunda bikarmeistaratitli jafnaði hún met Valskonunnar Guðrúnar Sæmundsdóttur, sem vann bikarinn sjö sinnum með Val á árunum 1984-1995.

„Þetta er bara æðislegt og það er ógeðslega gaman að vinna þennan titil,“ sagði Embla í leikslok.

„Íslandsmeistaratitillinn er fariinn og það skipti því rosalega miklu máli að ná þessum titli. Við erum með það gott lið að það hefði verið hræðilegt að klúðra báðum titlum þetta árið,“ sagði Embla, en það er líka langt síðan hún tap-



BIKARMEISTARI Í SJÖUNDA SINN Hallbera Guðný Gísladóttir fagnar sjöföldum bikarmeistara, Emblu Sigríði Grétarsdóttur, með því að sturta yfir hana úr vatnsbrúsa eins og venjan er á slíkum sigurstundum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



BESTU VINKONUR Laufey Ólafsdóttir og Raket Logadóttir fagna hér saman í leikslok, en þær hafa unnið marga titla saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

aði í bikarúrslitaleik, meira en áratugur. Embla þurfti að sætta sig við silfur 1998 og 2000 en eftir það hefur hún haldið sig við gullið.

Valskonur nýttu sér reynsluna í sínu liði eftir að hafa rétt sloppið inn í hálfleikinn án þess að fá á sig mark.

„Þær komu dýrvitlausar inn í leikinn um miðjan fyrri hálfleik og pressuðu vel á okkur. Það hefði allt getað gerst þá en sem betur fer róuðum við okkur svolítið niður í hálfleik. Við vorum uppspenntar en við komum öflugar inn í seinni hálfleikinn og kláruðum þetta svona glæsilega. Það stafaði ekki mikil ógn af þeim í seinni hálfleik,“ sagði Embla.

Embla er hluti af hinni sterku vörn Valsliðsins sem fékk ekki á sig mark í bikarkeppninni í ár. Liðið vann þrjá 1-0 sigra á leið sinni í úrslitaleikinn og hefur nú

haldið marki sínu hreinu í 678 mínútur í bikarkeppninni. Embla hefur verið á sínum stað í Valsvörninni allan þennan tíma.

Það bjuggust ekki margir við miklu af KR-liðinu, ekki síst eftir að liðið lenti undir á þriðju mínútu.

„Við áttum góðan kafla í lokin á fyrri hálfleik en svo datt þetta allt niður hjá okkur í seinni hálfleiknum. Við vorum orðnar þreyttar og það var eins og orkan væri alveg búin hjá okkur. Við áttum færi í fyrri hálfleiknum og vorum þá að spila boltanum vel á milli okkar. Svo ætluðum við að halda því áfram en það gekk ekki,“ sagði KR-ingurinn Katrín Ásbjörnsdóttir.

„Valsstelpurnar eru rosalega sterkar og þær halda þetta alveg út í 90 mínútur. Mér finnst þær vera besta liðið á Íslandi núna,“ sagði Katrín. ooj@frettabladid.is




Golfsettið ferðast frítt!

Icelandair Golfers er klúbbur sem auðveldar þér að spila golf út um allan heim.

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is

Þú nýtur þessara hlunninda:

- Þú greiðir ekkert gjald fyrir golfsettið þegar þú ferðast með Icelandair.
- Þú færð ýmis tilboð á golfvöllum hér heima og erlendis og hjá samstarfsaðilum Icelandair Golfers.

Innifalið í 5.900 kr. árgjaldi er m.a.:

- 2.500 Vildarpunktur
- 2.000 kr. gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básum
- Merkipjald á golfpokann



FÉLAGAR MED PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS® FRÁ KREDITKORTI GREIDA EKKERT ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS



Golfers

ÚTSALA

**ÖLL RAFTÆKI Í ELDHÚS OG
ÞVOTTAHÚS Á ÚTSÖLU**

**Brandt ofnar, gufugleypar og helluborð
með allt að 40% afslætti**

Silit búsaöld – 40 % afsláttur

Candy heimilistæki á frábærum tilboðsverðum

Die Dietrich eldhústæki með allt að 50% afslætti

Hoover ryksugur 15-25% afsláttur

Saeco kaffivélar 15-35% afsláttur

Severin brauðvélar frá 9.990

William Bounds pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti

*Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15*



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

> Jennifer Garner

„Að mínu mati er starf mitt ekki svo brjálæðislega frábrugðið störfum allra annarra, eins og fólk heldur.“

Jennifer Garner leikur í gamanmyndinni *Ghosts of Girlfriends Past*, sem er lauslega byggð á sögu Charles Dickens þar sem gamlar kærustur Connors Meads birtast honum hver á fætur annarri í brúðkaupi bróður hans. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 16.



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON KOMST Í STUÐ

Góður Mugison og Will Smith

Það er ekki öllum gefið að vera bæði hæfileikaríkir tónlistarmenn og viðkunnalegir, menn eru yfirleitt bara annað hvort. Vestfirski listamanninum Mugison tekst það hins vegar glettilega oft. Á tónleikum Menn-ingarnætur fór hann hamföllum fyrir framan troðfullan Arnarhól án þess að móðga nokkurn mann með kjánalegri athugasemd. Það segir sitt að yngsti meðlimurinn á heimilinu í vesturbænum dillaði sér duglega við taktfasta og blúskennaða músík Mugisons. Beina útsendingin heppnaðist líka bara nokkuð vel, hljóð og mynd voru til fyrirmyndar.

Ég horfði á Independence Day á föstudagskvöldið. Ég hef aldrei skilið fólk



sem hefur horn í síðu þessarar myndar og talar um að þetta sé bara hreinræktuð áróðursmynd fyrir ameríska heimsvaldastefnu. Og hvað með það? Hefur fólk ekki húmor fyrir því þegar Bill Pullman flytur eldræðu sína og lofar því að 4. júlí verði brátt þjóðhátíðardagur alls heimsins? Ég elska Independence Day, mér finnst hún æðisleg geimverumynd og ég elska hversu kjánalega væmin og klisjukennð hún er.

Og mikið er nú gott að enski boltinn sé byrjaður að rúlla á nýjan leik, það er eitthvað svo heimilislegt og bendir til þess að lífið gangi nú sinn vanagang.

FLOTTUR Mugison fór á kostum á tónleikum við Arnarhól í beinni útsendingu Sjónvarpsins.

dagskrá

RÚV

- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Húrra fyrir Kela (38:52)
- 17.43 Mærin Mæja (28:52)
- 17.51 Artúr (9:20)
- 18.20 Táknálsfréttir
- 18.30 Konur í eldínunni (1:4) (UN Women - Women on the Frontline) Heimildabáttaröð um ofbeldi gegn konum og stúlkum í Nepal, Tyrklandi, Kongó og Kólumbíu.
- 18.52 Leggðu systur þínum lið (1:4)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Undur sólkerfisins – Ríki sólarinnar (1:5) (Wonders of the Solar System) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hér er nýjustu kvikmyndatækni beitt til þess að sýna stórfengleg náttúruundur í geimnum.
- 21.10 Leitandinn (38:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og disarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.15 Liðsaukinn (14:32) (Rejseholdet) Dönsk spennubáttaröð um sérsveit. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.15 Kastljós (e)
- 00.45 Fréttir (e)
- 00.55 Dagskrárlök

BÍÓ

- 07.00 The Things About My Folks
- 08.35 When Harry Met Sally
- 10.10 Ghosts of Girlfriends Past
- 12.00 Beethoven's Big Break
- 14.00 When Harry Met Sally
- 16.00 Ghosts of Girlfriends Past
- 18.00 Beethoven's Big Break
- 20.00 The Things About My Folks
- 22.00 Pan's Labyrinth
- 00.00 Lonely Hearts
- 02.00 Dirty Sanchez: The Movie
- 04.00 Pan's Labyrinth
- 06.00 Land of the Lost

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (15:17:5)
- 10.15 Smallville (14:22)
- 11.00 Hamingjan sanna (8:8)
- 11.45 Wipeout USA
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (3:39)
- 14.20 American Idol (4:39)
- 15.05 ET Weekend
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (21:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Two and a Half Men (12:24)
- 19.40 Modern Family (17:24)
- 20.05 Extreme Makeover: Home Edition (23:25)
- 20.50 Love Bites (2:8) Frábærir rómantískir gamanþættir þar sem allt er látið flakka um nútímaástarsambönd frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary um ástina og allt það brjálæði sem hún fær okkur til að gera.
- 21.35 Big Love (1:9) Fjórða þáttaröðin um Bill Henrickson og óvenjulegu fjölskylduna hans. Sögusvið þáttanna er samfélag mormóna í Salt Lake City í Utah-riki þar sem fjölkvæni tíðkast.
- 22.30 Weeds (7:13)
- 22.55 It's Always Sunny In Philadelphia (5:13)
- 23.15 Two and a Half Men (1:16)
- 23.40 How I Met Your Mother (21:24)
- 00.00 Bones (20:23)
- 00.45 Come Fly With Me (1:6)
- 01.15 Entourage (7:12)
- 01.40 Human Target (10:12)
- 02.25 Gettin' It
- 04.00 Rails & Ties
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 17.00 EAS þrek-mótardöðin EAS þrek-mótardöðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda. Sigurvegarar mótardöðarinnar hljóta titilinn Hraustasti karl Íslands og Hraustasta kona Íslands.
- 17.45 KR - Stjarnan Bein útsending frá leik KR og Stjörnunnar í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 20.00 La Liga Preseason Show Hitað upp fyrir átökin í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, La Liga, þar sem margir af bestu knattspyrnumönnum heims leika listir sínar.
- 21.00 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Um-sjónarmaður er Hörður Magnússon.
- 22.10 KR - Stjarnan Útsending frá leik KR og Stjörnunnar í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 00.00 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Um-sjónarmaður er Hörður Magnússon.

SPORT 2

- 07.00 Bolton - Man. City
- 14.45 Aston Villa - Blackburn Útsending frá leik Aston Villa og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.35 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
- 17.50 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.50 Man. Utd. - Tottenham Bein útsending frá leik Manchester United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 22.00 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþríf.
- 22.30 Man. Utd. - Tottenham Útsending frá leik Manchester United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 17.25 Rachael Ray
- 18.10 Top Chef (13:15) (e)
- 19.00 Psych (3:16) (e) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawn og Gus halda í villta vestrið þegar undarlegir atburðir gerast í litlum kúrekabæ fyrir túrista.
- 19.45 Will & Grace (27:27) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
- 20.10 One Tree Hill (17:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum sýrt og sætt. Haley er ófrísk og reynir að skipuleggja allt milli himins og jarðar áður en barnið kemur í heiminn.
- 20.55 Parenthood (1:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramatisk. Adam reynir með litlum árangri að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs á meðan Zeek hefur viðgerðir á nokkur sem hann hefur engann skilning á.
- 21.40 CSI: New York (10:22) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagar hans í tæknideild lögreglunnar í New York. Það eru jól í borginni en þegar gluggaskreyting er afhjúpuð kemur í ljós að ekki er allt með felldu.
- 22.30 The Good Wife (17:23) (e)
- 23.15 Dexter (5:12) (e)
- 00.05 Law & Order: Criminal Intent (13:16) (e)
- 00.55 Will & Grace (27:27) (e)
- 01.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 06.40 Wyndham Championship (4:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.00 Golfing World
- 12.50 Wyndham Championship (4:4)
- 17.00 US Open 2006 - Official Film
- 18.00 Golfing World
- 18.50 Wyndham Championship (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 US Open 2008 - Official Film
- 23.50 ESPN America

EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.15 Ally McBeal (19:22) Sigildir gamanþættir um lögræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 The Whole Truth (9:13) Nýtt og spennandi lögræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og ákóf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína.
- 22.30 Lie to Me (21:22) Önnur spennubáttaröðin um dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra á vísindalegan hátt.
- 23.15 Game of Thrones (1:10) Magnaðir þættir sem gerast á miðöldum í ævintýraheimi sem kallast Sjö konungsríki Westeros og segir frá blóðugri valdabaráttu.
- 00.20 Ally McBeal (19:22)
- 01.05 The Doctors (6:17:5)
- 01.45 Sjáðu
- 02.10 Fréttir Stöðvar 2
- 03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

- 18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 18.30 2 gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Skólar byrjaðir og þá skólaeldhús líka.
- 20.30 Golf fyrir alla Brynjar og Óli Már gefa góð ráð.
- 21.00 Frumkvöðlar Elinóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
- 21.30 Eldhús meistaranna Sjávarbars-jarlínn gríllar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Big Love
Fyrsti þáttur í kvöld kl. 21:35

Þrjár eiginkonur. Þrjár tengdamömmur.
Það er ekki tóm sæla að vera þrífur mormóni. Misstu ekki af fjórðu þáttaröðinni af Big Love, einhverjum umtöluðustu þáttum síðustu ára.

Hausttilboð VISA
- Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkortu færðu allt að 30% afslátt.
- 10% aukaafsláttur í þrjá mánuði.
- 12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja frítt með fyrsta mánuðinn.
Gildir til 3. október.

Skemmtilegri
125 ár

Í KVÖLD



STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.50

Man. Utd - Tottenham

Bein útsending frá stórleik Manchester United og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er fyrsti heimaleikur United á tímabilinu og má búst við miklu fjöri á Old Trafford, en Tottenham hefur ekki unnið United í tíu ár.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Hringsól 14.00 Fréttir 14.03 Konungur Slaghórpunnar: Franz Liszt 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Inn og út um gluggann 20.00 Leynitfélagið 20.30 Lennon í nýja heiminum 21.10 Úr kvæðum fyrri alda 21.30 Kvöldsgagan: Óvittinn 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gími, grúsk og glóriur 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.45 Keeping Up Appearances 11.15 Monarch of the Glen 12.05 Keeping Up Appearances 12.35 Skavlan 13.25 Skavlan 14.20 Deal or No Deal 14.50 Deal or No Deal 15.25 Deal or No Deal 16.00 Keeping Up Appearances 16.30 'Allo 'Allo! 17.00 Dalziel and Pascoe 17.50 Dalziel and Pascoe 18.40 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 My Family 22.15 Skavlan 23.05 Skavlan 00.00 QI 00.30 Little Britain 00.55 My Family 01.25 Dalziel and Pascoe 02.15 Dalziel and Pascoe

DR 1

10.10 Kattens til mesterskab 10.40 Dage i haven 11.15 Ved du hvem du er? 12.15 Merlin 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Kommissær Wycliffe 14.00 Klassen 1. b 14.15 Carsten og Gittes Vennevilla 14.30 Willas vilde dyr 15.00 Livet i Fagervik 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Jamies australske kokkeskole 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.35 OBS 21.40 Vore Venners Liv

NK1

12.05 Oljel 13.00 Nyheter 13.10 Dallas 14.00 Nyheter 14.10 Ekstremfiske 15.00 Nyheter 15.10 På veg til Malung 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Tilbake til 90-tallet 16.30 Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera 16.40 Distriktsnyheter 17.45 Jenter til Kilimanjaro 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Folk 20.00 Boardwalk Empire 20.50 Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera 21.00 Kveldsnytt 21.15 Miss Marple 22.50 20 sporsmál 23.15 Sport Jukeboks 01.00 Country jukeboks u/chat

svt1

12.20 Flickan i regnet 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Engelska Antikrundan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Strömsö 16.55 En man och hans bil 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Maestro 19.00 Lykke 20.00 Flytta hemifrån 20.30 Lärare på hemmaplan 21.00 Damages 21.40 Engelska Antikrundan 22.40 Rapport 22.45 Sommarpratarna 23.45 Rapport 23.50 Allsång på Skansen 00.50 Rapport 00.55 Sverige!

Tilboðsdagar

Byrja í dag 22. ágúst.



Valdar vörur á 30% - 40% - 50% - afslætti.



Adria sturtuhorn 80 án botns
Tilboð kr. 44.200,-
Einnig fánlegt 90 cm



20% afsláttur af öllum vörum*



Sphinx salemni, GEBERIT kassi seta og þrýstisþjald
Tilboð kr. 49.900,-



Mora FMM eldhústæki
Tilboð kr. 11.500,-




Stálvaskar
Verð frá kr. 13.900,-



Almar Emotion
Tilboð kr. 2.800,-



FMM 9000E baðtæki.
Tilboð kr. 28.500,-



Mora FMM handlaugartæki
Tilboð kr. 11.500,-



Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Ópið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

*nema af sérverðum og heitum pottum

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.





„Ég er ekki sú besta í að fylgjast með sjónvarpsþáttum en þegar ég gef mér tíma verða oftast Gossip Girl eða Entourage fyrir valinu.“

Andrea Röfn Jónasardóttir, fyrisæta

Elsa María gerist vínframleiðandi

„Nei, ég átti nú ekki von á því að enda sem vínframleiðandi,“ segir fyrrverandi Kastljósstjarnan Elsa María Jakobsdóttir.

Hún og pabbi hennar, mjólkurfræðingurinn Jakob Svanur Bjarnason, hafa ásamt Ólafi Erni Ólafssyni og Gunnari Karli Gíslasyni af veitingastaðnum Dill þróað líkjör og snafs sem unnir eru upp úr íslensku birki. Líkjörinn nefnist Björk en snafsinn Birkir og verða drykkirnir formlega kynntir til leiks á morgun.

Elsa segir þetta eiga sér sinn aðdraganda. Pabbi hennar hafi verið að gera tilraunir með birki og svo hafi hún heyrt af því að Ólafur og Gunnar væru í svipuðum þælingum í eldhúsinu hjá sér. „Það voru einhvern veginn allir að hugsa það sama

og það var bara ákveðið að sameina þessi verkefni undir einum hatt.“

Fjórmenningarnir leituðu til Catco vína í Borgarnesi sem framleiðir meðal annars Reyka vodka og segir Elsa að þar hafi þau mætt miklum skilningi. „Við fengum að gera alls konar tilraunir inni á gólfi hjá þeim.“ Elsa segir norræna birkið vera einstakt að því leyti að það sé sætt á bragðið. Því hafi legið í augum uppi að nota birkið, það sé enda líka frumbyggi Íslands. Þetta verður eitt af síðustu verkefnum Elsu hér á landi því hún heldur brátt utan til Kaupmannahafnar, þar sem hún hyggst setjast á skólabeck en hún kláraði nýverið BA-verkefni sitt í félagsfræði við Háskóla Íslands. „En ég verð eitthvað með puttana í þessu frá Danmörku.“ - fgg



BIRKISNAFS OG LÍKJÖR Elsa María ásamt föður sínum, Jakobi, og Ólafi Erni, veitingamanni af Dill, með líkjörinn Björk og snafsinn Birkir. Drykkirnir verða formlega kynntir til leiks á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VIÐKUNNANLEGUR Sverrir Gunnarsson ásamt Hollywood-stjörnunni Viggo Mortensen sem keypti sér Marlboro-pakka í Drekanum með þúsund króna seðli.

Viggo í Drekanum

„Þetta var auðvitað alveg frábær afmælisgjöf fyrir staðinn,“ segir Sverrir Gunnarsson, starfsmaður söluturnsins Drekanis við Njálsgötu. Danska stórstjarnan Viggo Mortensen leit þar við á Menningarnótt og keypti sér einn Marlboro-sigarettupakka.

Drekin nýtti tækifærið á Menningarnótt og hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt. Blazroca lék fyrir gesti og gangandi og boðið var upp á pylsur. Rúsinan í pylsuendanum var þó án nokkurs vafa heimsókn Viggos. „Hann kom bara og spurði um sigarettupakkann. Ég spurði hvort hann

væri Viggo Mortensen og hann kinkaði kalli, vildi greinilega ekki að fólk vissi af honum. Ég sagði við hann að það væri ekki á hverjum degi sem alvöru Hollywood-stjarna kæmi hingað og hvort ég mætti ekki láta mynda mig með honum. Og það var ekkert mál. Hann var bara mjög almennilegur,“ segir Sverrir.

Drekin var ekki eini staðurinn sem Viggo leit við á því hann heiddaði frumsýningargesti Týndu kynslóðarinnar með nærveru sinni. Viggo staldraði stutt við, rak nefið aðeins inn og lét sig síðan hverfa út í nóttina. - fgg

HELGI RÚNAR BJARNASON: BARA ROSALEGA GAMAN


Skagastrákur stelur senunni í Bon Iver-myndbandi

„Þetta var bara mjög gaman og ekkert svo erfitt,“ segir hinn sjö ára gamli Skagapiltur Helgi Rúnar Bjarnason.

Helgi Rúnar þykir hafa stolið senunni í Bon Iver-myndbandi sem frumsýnt var á vefsíðu National Geographic á fimmtudag. Þar sést Helgi á röltinu um helstu náttúruperlur Íslands undir laginu Holocene sem finna má á nýjustu plötu indíroksveitarinnar. Myndbandið hefur vakið mikla athygli á netinu og um það hefur verið fjallað á helstu tónlistarsíðum heims, meðal annars heimasíðu Billboard-listans, Entertainment Weekly og Spin Magazine. Í gær höfðu 117 þúsund horft á myndbandið, en því er leikstýrt af leikstjóranum Nabil sem hefur meðal annars unnið með rappstjörnunni Kanye West.

Helgi Rúnar leikur ekkert síður stórt hlutverk en íslenskar náttúruperlur á borð við Jökulsárlón, Svartafoss og Breiðamerkursand í myndbandinu. Og honum finnst bara nokkuð skemmtilegt hversu mikla athygli myndbandið hefur fengið. Hann hefur þegar sýnt vinum sínum það og þeim þótti töluvert til þess koma og að hans sögn voru þeir bara sáttir með frammistöðu hans fyrir framan tökuvelarnar. Sjálfur segir Helgi alveg geta hugsað sér að verða leikari en hann hafði ekki mikinn tíma fyrir spjall, hann var úti að leika sér.

Móðir Helga, Ingibjörg Kristín Barðadóttir, segir tókurnar hafa verið mikið ævintýri því þau hafi verið stödd fyrir austan þegar brúin yfir Múlakvísl fór. Þau hafi því þurft að leggja á sig sjö tíma ferðalag aftur heim um Fjallabaksleið nyrðri. „Leikstjóranum fannst það hins vegar skemmtilegast og mér sýnist stærsti hlutinn af myndbandinu hafa verið tekinn þar. Við vorum allavega alltaf að stoppa og taka



BRÆÐURNIR OG LEIKSTJÓRINN

Helgi Rúnar ásamt bróður sínum, Birni Inga, og leikstjóra myndbandsins, Nabil. Tókurnar voru mikið ævintýri, en brúin yfir Múlakvísl fór þegar þær stóðu yfir fyrir austan og þurfti tókuliðið því að leggja á sig sjö tíma ferðalag um Fjallabaksleið nyrðri.

eitthvað upp.“ Ingibjörg bætir því við að hún hafi ekki átt von á því að myndbandið myndi hljóta jafn mikla athygli og raun beri vitni.

„Við vissum í raun ekkert hver þessi Bon Iver var og datt aldrei í hug að þetta myndi vinda svona upp á sig.“ freyrgigja@frettabladid.is

The Academy of Colour and Style
ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI
VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
Fatastill	Litgreining	Innkaupastjóri
Fatasamsetning	Förðun út frá litgreiningu	Útlitsráðgjafi
Textill	Litasamsetning	Stíllisti
		Verslunarstjóri

Erna, stíllisti
Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíllisringu.

Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi
Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litfræði, líkambyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is

Ungur hugsjónamaður á BMX-hjóli

„Fyrst var gert svolítið grín að mér og sagt að ég væri alltaf á þessu hjóli en nú eru allir hættilir því. Þegar maður er líka farinn að gera flott myndskreið öðlast maður smá virðingu,“ segir Magnús Þórlindsson, ungur BMX-hjólreiðamaður á Selfossi. Hann hefur sýnt áhugamálinu sínu mikla ástríðu þrátt fyrir að vera nánast sá eini í bæjarfélaginu sem hjólar á slíku hjóli. Hann tekur til að mynda strætó með hjólið sitt yfir Helliðina allar helgar til að æfa sig í Reykjavík því aðstaðan, að hans sögn, er ekki upp á marga fiska í heimabænum.

Magnús segist snemma hafa fengið áhuga á hjólum, hann byrjaði á fjallahjóli en færði sig síðan yfir í



FJÖR Á HJÓLINU Magnús Þórlindsson er eini BMX-hjólreiðakappinn á Selfossi en hann lætur það ekki stoppa sig heldur fer með strætó yfir Helliðina til að geta æft sig í Reykjavík.

BMX-flokkinn fyrir þremur árum. „Þá voru nokkrir strákar hérna á BMX en þeir eru eiginlega allir hættilir núna, ég er því eiginlega eini BMX-strákurinn í bænum.“ Hjólreiðakappinn nýtti sumarið vel því hann fór ásamt nokkrum öðrum BMX-köppum hringinn í kringum landið á BMX-hjólunum; hjólin voru reyndar keyrð á milli í sendiferðarbíl en þeir sjálfir voru í Volkswagen. „Þetta var ótrúlega skemmtilegt og við lentum aldrei í neinum stælum. Við stukkum meðal annars ofan af þaki á Húsa-vík og fengum mat fyrir hjá fólkunum.“ Og Magnús gætir fyllsta öryggis á hjólinu og er alltaf með hjálm. „Ég hef skallað jörðina það oft að ég nota alltaf hjálm.“ - fgg

HVER ER

UPPÁHALDS-

BORGIN ÞÍN?



Hver er upphaldsborgin þín?

Komdu á www.icelandair.is/upphaldsborg og segðu okkur hver er upphaldsborgin þín og hvers vegna. Þú gætir verið á leiðinni til hennar í boði Icelandair.

ICELANDAIR



FRÉTTIR AF FÓLKI

Fögnuðu hægri-vinstri

Mikil og góð stemning ríkti meðal þátttakenda Reykjavíkumaraþonsins sem hlaupið var á laugardag, enda veðrið með besta móti. Gleðin skilaði sér einnig til áhorfenda, sem margir höfðu raðað sér upp meðfram hlaupaleiðinni til að hvetja afreksfólkið til dáða. Þannig sást til alþingismannanna Árna Þórs Sigurðssonar úr VG og **Péturs Blöndal** úr Sjálfstæðisflokknum, fréttamannsins Boga



Ágústssonar og bókmenntagagnrýnandans Páls Baldvins Baldvinssonar, sem spjótin standa á þessa dagana vegna ritdóms hans um Sögu Akraness, fagna hlaupurunum ógurlega í vesturhluta borgarinnar.

Pokast í rétta átt

Handritshöfundurinn Karl Gajdusek hefur verið fenginn til að endurskrifa handritið að Viki, víkingamynd **Baltasars Kormáks**. Þetta kom fram í bæði Hollywood Reporter og Variety. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá keypti Working Title myndina yfir til sín og nú virðist einhver skriður vera kominn á málið. Samkvæmt fréttum er gert ráð fyrir að hún verði í stíl við myndir Mels Gibson, Braveheart og Apocalypto, en hún segir frá því þegar norrænir menn koma með írsku þræla til Íslands.

Gajdusek er sagður vera einn efnilegasti handritshöfundur Hollywood, en hann skrifar meðal annars handritið að nýjustu kvikmynd Nicole Kidman, Trespass.

- kg, fgg



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ekki í aðstöðu til að gagnrýna Hagsmunasamtök heimilanna
- 2 Harpa lýst upp í fyrsta sinn
- 3 Hatturinn f auk af páfanum
- 4 Erilsöm nótt í miðbæ Reykjavíkur
- 5 Hundrað þúsund manns á Menningarnótt

Office1

Fyrirtækjþjónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17
pöntun@office1.is
www.office1.is

VIÐ GETUM ÞAÐ ALLAR - og þú líka -

Við getum allar ræktað sál okkar og líkama. Í Baðhúsinu hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 6.190* á mánuði. Með þátttöku í KK klúbbum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma. KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.

Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins 6.190* kr. á mánuði;

- Zumba.
- Hot jóga.
- Lene Hansson námskeið.
- Fit Pilates.
- CX30.
- Afró.
- Jane Fonda.
- Heilsuátak.
- Spinning Express.
- Tabata (Trx, Bosu, ketilbjöllur).
- Magadans.
- Les Mills tímar.
- Salsa.
- TKT.
- Tæbox.
- o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreidri.

Komdu í Baðhúsið - og náðu markmiðum þínum. Við getum það allar. Og þú líka.

Vertu velkomin.

Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk

Komdu strax í klúbbinn og byrjaðu að æfa, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!

6.190* á mánuði í KK áskriftarklúbbum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 4 leiðir, með mismunandi bindingu og fríðindum; Skólaáskrift, Grunnáskrift, Eðaláskrift eða Frjálsáskrift. Fríri aðgangur að lokuðum tímum, og frí barnagæsla fylgir öllum leiðum nema Skólaáskrift.

